

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

Verkmenntaskóli Austurlands

Ytra mat árið 2020



Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Margrét Friðriksdóttir og Unnar Örn Þorsteinsson

Ytra mat á starfsemi Verkmenntaskóla Austurlands árið 2020
Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Margrét Firðriksdóttir
Unnar Örn Þorsteinsson
Ljósmynd á forsíðu birt með góðfúslegu leyfi.
© Esther Ösp Gunnarsdóttir
ISBN 978-9979-0-2460-6

Heildarniðurstöður

Verkmenntaskóli Austurlands er bóknáms-, starfsnáms- og dreifnáms-skóli með 14 námsbrautir. Kennt er samkvæmt áfangakerfi og er skólaárinu skipt í tvær annir með símati og lokaprófum. Skólinn leggur áherslu á að bjóða nemendum fjölbreytt nám á Austurlandi í góðum tengslum við austfirskt samfélag og atvinnulíf.

Í hópi kennara hefur einn einstaklingur lokið doktorsnámi auk námi til kennsluréttinda. Fimm hafa meistarp próf auk kennsluréttinda, fjórir hafa lokið BA/BS námi auk kennsluréttinda, þrír hafa lokið háskólaprófi án kennsluréttinda, þrír hafa lokið annarri menntun auk kennsluréttinda og átta hafa lokið annarri menntun án kennsluréttinda.

Upplýsingar um líðan nemenda eru fengnar með Skólapúlsum sem lagður er fyrir alla nemendur árlega. Þá er áfangamat lagt fyrir í lok annar í öllum áföngum. Niðurstöður úr spurningunni „Á heildina litið líður mér vel í skólanum“ var að 72,1% eru mjög sammála eða frekar sammála þessari fullyrðingu. Námsráðgjafi taldi nemendum almennt líða vel í VA en þó væri lítil hópur nemenda sem væru kvíðinn eða ættu við þunglyndi að stríða. Í niðurstöðum úr Skólapúlsum voru 8,2% mjög ósammála ofangreindri fullyrðingu um líðan.

Kennsluhættir eru fjölbreyttir og miða í flestum tilvikum við stutta innlögn af hálfu kennara og síðan verkefnavinnu nemenda. Verkefnavinnan er einstaklingsmiðuð, miðar við hópavinnu, tilraunir og kynningar. Í iðngreinum byggir námið mikið á viðveru og verkefnavinnu.

Fram kom hjá viðmælendum að skólanum væri vel stjórnað og að skólameistari væri faglega sterkur. Hann uppfyllti vel stjórnunarlegar skyldur sínar og væri í góðum tengslum við starfsfólk og nemendur. Hjá nær öllum viðmælendum kom fram að skólinn ætti við fjárhagsvanda að stríða og töldu margir að þetta hefði ekki aðeins áhrif á einstök verkefni og tækjakaup heldur á skólabrag og starfsanda. Starfsandi innan skólans hefur verið mjög góður en snúa þarf við þróun síðasta árs á dvínandi jákvæðum starfsanda.

Verkmenntaskóli Austurlands hefur sett sér fræðslustefnu, heilsustefnu, jafnréttisstefnu, forvarnarstefnu, gefið út skilgreiningu á einelti og meðferð eineltismála, þá er til staðar viðbragðsáætlun og rýmingaráætlun fyrir skólann. Þá liggur fyrir starfsmannastefna, persónuverndarstefna, jafnlaunastefna, siðareglur og umhverfissáttmáli. Þá eru verklagsreglur um móttöku nýbúa í VA og í undirbúningi er vottun á ISO-9001 gæðakerfi skólans. Áhersla er lögð á símenntun starfsmanna, góða heilsu og líðan allra, jöfn tækifæri, að einelti sé ekki liðið og að hagsmunir nemenda séu hafðir að leiðarljósi. Skólinn á sér vel útfært gæðakerfi, stefnu og sýn sem tekur mið af stöðu skólans í samfélaginu, gæðum í skólastarfi og þeim fjölbreytta nemendahópi sem sækir skólann. Gildi skólans eru Samvinna – þekking – árangur en tryggja þarf meiri sýnileika á gildum skólans fyrir nemendur.

Nemendafélag Verkmenntaskóla Austurlands á erfitt uppdráttar við núverandi aðstæður en hefur á undangengnum árum sinnt öflugum félagslífi við skólann. Leggja þarf aukinn kraft í félagslífið að loknum Covid-19 vanda. Í forvarnarstefnu skólans segir; „Félagslíf nemenda og viðburðir á vegum skólans skulu einkennast af heilbrigðum lífsháttum og miða að því að efla félagsþroska nemenda.

Jafnt stjórnendur skólans sem stjórn foreldrafélags VA líta á foreldrafélagið sem hluta af starfi skólans en báðir aðilar telja þó að starfsemin sé mjög mismunandi eftir árum og þeim einstaklingum sem veljast í stjórn félagsins. Lítil virkni hefur verið í starfsemi foreldrafélagsins á þessu ári.

Matsaðilar fengu ekki tækifæri til að heimsækja Verkmenntaskóla Austurlands vegna reglugerða um sóttvarnir sem settar voru vegna Covid-19. Viðmælendur sögðu skólahúsnæði vel við haldið og í góðu ástandi. Skólahúsnæðið var aldrei klárað og aðstaða fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar er illa staðsett. Þó má reikna með að úr rætist þegar leigjendur í hluta húsnæðisins flytja í annað húsnæði. En þá mun aðstaða fyrir vinnurými starfsmanna og rými nemenda aukast. Til að aðstaða bygginga- og mannvirkjagreina batni þarf að byggja nýtt hús undir deildina.

Verkmenntaskóli Austurlands er fámennur skóli sem býður upp á mikið og fjölbreytt nám. Árangur nemenda sem fer frá skólanum er talinn góður eins og fram kemur í samtölum við rýnihópa kennara, skólastjórnenda, foreldra, deildarstjóra og fulltrúa skólanefndar. Ekki eru til skráðir ferlar um árangur nemenda að námi loknu við VA.

Efnisyfirlit	
Heildarniðurstöður	2
Efnisyfirlit.....	4
Inngangur	6
Verkmenntaskóli Austurlands	8
Nemendur og nám.....	9
Starfsmenn.....	14
Viðmið og vísbendingar	17
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	17
1.1. Um stefnu og áætlanir	17
1.2. Um stjórnendur	18
1.3. Um skipulag, verklagsreglur	18
1.4. Um innra mat	19
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	20
2.1. Um nám og kennslu.....	20
2.2. Um kennsluaðstæður / stuðning við nemendur	21
2.3. Um námsmat.....	21
2.4. Um kennara.....	22
2.5. Um námsgögn	22
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	23
3.1. Um skólabrag	23
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	23
3.3. Um félagslíf nemenda.....	24
3.4. Um samskipti við foreldra / forráðamenn.....	24
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf	24
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	25
Þáttur 5: Lykilárangur	26
5.1. Um námsárangur	26
5.2. Um árangur í grunnþáttum.....	26
5.3. Um langtímaárangur.....	27
Viðaukar – Greinargerð matsmanna	28

Umfjöllun um stjórnun og skipulag	28
Umfjöllun um kennslu og námsframboð	34
Umfjöllun um samskipti og líðan	39
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað	44
Umfjöllun um lykilárangur	47
Heimildir og tilvísanir.....	50
Listi yfir töflur og myndir	5
Tafla 1. Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust	9
Tafla 2. Fjöldi nemenda á haustönn 2019 eftir aldri og kyni	10
Tafla 3. Þróun í innritun nýnema að hausti frá 2015 – 2019	11
Tafla 4. Meðalhópastærðir frá vori 2019 til hausts 2019	11
Tafla 5. Fjöldi nemenda á námsbraut eftir kyni.....	12
Tafla 6. Viðveruskráning nemenda vorið 2019 haustið 2019	13
Tafla 7. Brotthvarf nemenda haust og vor árin 2015 til 2019	13
Tafla 8. Fjöldi brautskráðra vorin 2015 – 2019 á hverri námsbraut og alls	13
Tafla 9. Starfsheiti og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni að hausti 2019.....	15
Tafla 10. Menntun kennara	15
Tafla 11. Upplýsingar um starfsmannaveltu	16
Mynd 1. Skipurit Verkmenntaskóla Austurlands	32

Inngangur

Þessi skýrsla um ytra mat á starfsemi Verkmenntaskóla Austurlands er unnin í samræmi við reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Menntamálastofnun sér um framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið og réð Margréti Friðriksdóttur og Unnar Örn Þorsteinsson til að vinna matið. Þau eru höfundar þessarar skýrslu og hófu vinnu við hana í janúar 2020.

Skýrsluhöfundar voru tilbúnir til að heimsækja Verkmenntaskóla Austurlands (VA) í mars 2020. Hins vegar komu yfirvöld heilbrigðismála og reglur um sóttvarnir vegna Covid-19 í veg fyrir slíka heimsókn. Aftur var áætlunin að heimsækja VA á haustdögum, en þriðja bylgja Covid-19 kom í veg fyrir það. Brugðið var á það ráð að afgreiða heimsóknina í VA með fjarfundarbúnaði Teams og það gekk ágætlega fyrir sig. Fjarfundarheimsóknin í gegnum Teams var afgreidd 14. til 16. október 2020.

Í fyrsta hluta skýrslunar koma fram tölulegar upplýsingar um starfsemi Verkmenntaskóla Austurlands. Í öðrum hluta er fjallað um mat skólans á eigin starfsemi (S) sem og mat skýrsluhöfunda (M) á sömu þáttum. Þriðji hluti skýrslunnar eru viðaukar þar sem er að finna rökstuðning skýrsluhöfunda við spurningum í matslistum. Fjórdi hluti skýrslunnar tekur fyrir þau gögn og þær heimildir sem skýrsluhöfundar lögðu til grundvallar ytra mati á Verkmenntaskóla Austurlands.

Síðan árið 1996 hafa framhaldsskólar unnið að innra mati (sjálfsmati) á starfsemi sinni í samræmi við framhaldsskólalög. Í lögnum frá árinu 1996 var menntamálaráðuneytinu ætlað að gera úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla en með lögnum frá árinu 2008 voru eftirlitsskyldur ráðuneytisins auknar þannig að þær ná nú til allra þátta í skólalaldi framhaldsskóla. Samkvæmt reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum skal framhaldsskóli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins. Virkt mat skal samfið annarri starfsemi skóla. Það skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfsins. Tryggja skal virka þátttöku starfsmanna, foreldra, nemenda og skólaráðs í innra mati, eftir því sem við á og matið skal byggja á fjölbreyttum gögnum.

Í desember árið 2019 sendi Menntamálastofnun Verkmenntaskóla Austurlands bréf um fyrirhugað ytra mat þar sem honum var falið að skipuleggja eigið mat með hliðsjón af því. Eigið mat skólans byggir, meðal annars, á mati út frá 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur sett. Eftirtaldir þættir eru til viðmiðunar:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Hverjum þætti er gefin einkunn á fögurra stiga kvarða:

- (A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár
- (B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá
- (C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta

(D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar

Skýrsluhöfundar meta starfsemi skólans út frá sömu þáttum og sú útkoma birtist einnig í niðurstöðum matsins til að ýta undir áreiðanleika þess.

Helstu gögn sem skýrsluhöfundar nýttu við ytra matið voru:

- 1 Ýmsar tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsmanna. Hér má nefna upplýsingar um námsframboð, nemendur, starfstíma, fyrirkomulag starfstíma, starfsfólk, starfsmannaveltu, menntun kennara, viðveru nemenda, brotthvarf frá námi, forfallakennslu, samninga og skýrslur.
- 2 Vefsvæði skólans (<http://www.va.is>). Á vefsvæði skólans voru sótt ýmis gögn er varða stefnu skólans, skipulag og starf.
- 3 Teams fjarfundar umræður í rýnihópum og samtöl við stjórnendur. Valið var í rýnihópa nemenda og starfsmanna með stýrðu slembivali. Verkmenntaskóli Austurlands sá um að boða viðmælendur til funda og rætt var við stjórnendur (skólameistara, aðstoðarskólameistara, gæðastjóra), skrifstofu- og fjármálastjóra, sjálfsmats og gæðahóp, hóp kennara, hóp deildarstjóra, hóp annara starfsmanna, hóp ráðgjafa og tengdra aðila, hóp nemenda, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa úr stjórn foreldrafélagsins og formann skólanefndar. Viðmælendur voru alls 38.

Á þessum grundvelli fór fram greining gagna. Skýrsluhöfundar gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir mati skýrsluhöfunda má sjá í þriðja hluta þessarar skýrslu.

Skýrsluhöfundar vilja þakka öllum sem þátt tóku í ytra mati á Verkmenntaskóla Austurlands fyrir þeirra þátttöku. Þátttakendur í rýnihópum og viðtölum veittu ýmsar upplýsingar um helstu gögn sem ytra matið byggir á.

Verkmenntaskóli Austurlands

Eins og fram kemur á vefsíðu skólans, þá var Verkmenntaskóli Austurlands í Neskaupstað stofnaður árið 1986 fyrir tilstuðlan bæjarstjórnar Neskaupstaðar og Sambands Sveitarfélaga á Austurlandi. Tilveru skólans má rekja aftur til ársins 1943 þegar Iðnskólinn í Neskaupstað tók til starfa, og var þá rekinn af Iðnaðarmannafélagi Neskaupstaðar fram til ársins 1955. Á grundvelli iðnfræðslulaga árið 1966 var ákveðið að Iðnskóli Austurlands yrði í Neskaupstað, en haustið 1971 var skipaður skólastjóri við skólann. Fram að þeim tíma hafði Iðnskólinn verið rekinn í nánnum tengslum við Gagnfræðaskóla Neskaupstaðar. Árið 1960 hófst framhaldsnám við Gagnfræðaskóla Neskaupstaðar og árið 1972 hófst kennsla 1. bekkjar menntadeildar.

Árið 1973 tekur til starfa samstarfsnefnd um fjölbrautanám í þeim tilgangi að samræma allt fjölbrautanám í Neskaupstað og á sama tíma er unnið að áætlun um framhaldsnám á Austurlandi af hálfu menntamálaráðuneytisins. Árið 1977 hófst fjölbrautarnám með áfangasniði við skólann. Með samningi menntamálaráðuneytisins og Bæjarstjórnar Neskaupstaðar árið 1981 var Framhaldsskólinn í Neskaupstað stofnaður og tók við starfsemi Iðnskóla Austurlands og Gagnfræðaskólans í Neskaupstað og varð kjarnaskóli iðn- og tæknimenntunar á Austurlandi.

Verkmenntaskóli Austurlands er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla, framhaldsskólalögum og öðrum lögum og reglugerðum sem snerta skólastarf á framhaldsskólastigi. Skólinn hefur að leiðarljósi þá grunnþætti menntunar sem tilteknir eru í Aðalnámskrá framhaldsskóla: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð ásamt sköpun.

Með áherslu á austfirskt samfélag býður Verkmenntaskóli Austurlands upp á fjölbreytt nám með tilliti til mismunandi áhugasviða og hæfileika nemenda. Mikilvægt er að byggja upp góð tengsl við aðra skóla, fyrirtæki, stofnanir, innlendar sem erlendar, og félagasamtök í landshlutanum.

Verkmenntaskóli Austurlands leitast við að veita góða kennslu, auka víðsýni nemenda, hvetja til gagnrýnnar og skapandi hugsunar, efla samvinnu og tillitssemi og hvetja til virðingar fyrir umhverfi og samfélag. Áhersla er á að nemendur fái tækifæri til þátttöku í heilbrigðu og þroskandi félagslífi. Skólinn vill veita nemendum stuðning eftir þörfum og sem besta aðstöðu til náms og félagslegra athafna. Sérstaða skólans í dag, endurspeglast ekki síst í því að vera eini skólinn á Austurlandi sem býður upp á verklegt nám í nánnum tengslum við atvinnulífið á Austurlandi.

Einkunnarorð skólans eru:

Samvinna

Þekking

Árangur

Nemendur og nám

Eins og fram kemur í stefnuviðmiðum Verkmenntaskóla Austurlands (VA) er skólinn áfangaskóli sem býður upp á verk- og bóknám, bæði brautir til starfsréttinda og til stúdentsprófs. VA er eini skólinn á austanverðu landinu sem gefur nemendum kost á að leggja stund á nám á iðn- og starfsnámsbrautum auk bóknámsbrauta. Haustið 2019 var boðið upp á nám á 14 námsbrautum; átta verk- og starfsnámsbrautum, starfsbraut fyrir fatlaða, framhaldsskólabraut og fjórum stúdentsbrautum. Miðað er við að nám á stúdentsbrautum taki þrjú ár. Inntökuskilyrði á einstaka námsbrautir eru tilgreindar á vef skólans sem og kröfur um námsframvindu. Skólanámskrá er birt á vefsíðu VA og er hún í sífelldri endurskoðun. VA er auk þess virkur þátttakandi í starfi og þróun Fjarmenntaskólans sem og í samstarfi við aðra verknámskóla. Við skólann er starfrækt íþróttakademía í samstarfi við íþróttafélög í Fjarðarbyggð og einnig listaakademía. 309 nemendur stunda nám við skólann á haustönn 2019.

Fjöldi nemenda

Eins og fram kemur í töflu eitt voru nemendur flestir á árinu 2016 eða 335, en fæstir á árinu 2017 eða 260. Hér munar alls 75 nemum. Auk þess kemur fram að nemendur á vorönn eru jafnan færri en á haustönn, og er munurinn mestur árið 2019 eða 26 nemendur og árið 2018 25 nemendur. Einnig kemur fram að færri nemendur koma inn í skólann að hausti 2017 en öll önnur ár sem eru til skoðunar. Munurinn er mestur milli haustannar 2017 og haustannar 2016.

Tafla 1.

Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust 2016–2020

	2016		2017		2018		2019		2020	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	
Fjöldi nem.	160	175	128	132	137	162	134	160	143	

Nemendur í Verkmenntaskóla Austurlands koma víða að. Stór hópur nemenda kemur úr sama pósthúmi og skólinn er í, en það er eftirtektarvert í gögnum frá VA hve stór hópur nemenda kemur frá öðrum landsvæðum, þá sértaklega nemendur í fjarnámi.

Tafla tvö sýnir að af þeim 309 nemendum sem voru við nám í Verkmenntaskóla Austurlands á haustönn 2019 voru 147 karlar og 162 konur. Af þeim 291 nemanda sem er við nám í Verkmenntaskóla Austurlands á vorönn 2020 eru 141 karl og 150 konur. Taflan sýnir hvernig nemendahópurinn skiptist eftir fæðingarári. Nemendur fæddir árin 2000 til 2003 eru, u.þ.b. 40% nemenda skólans haustið 2019 og u.þ.b. 43% nemenda skólans vorið 2020. Því má álykta að töluverður hópur nemenda er eldri en hinn hefðbundni framhaldsskólaaldur segir til um.

Tafla 2.

Fjöldi nemenda í dagskóla og í fjarnámi á haustönn 2019 og vorönn 2020 eftir aldri og kyni

<i>Haust 2019</i>			<i>Vor 2020</i>		
<i>Fæðingarár:</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Fæðingarár</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>
1960	1		1960		
1961	1	2	1961	1	2
1962		1	1962		1
1963		1	1963		1
1964	2		1964	1	
1965	1	2	1965	1	1
1966		2	1966		1
1968		2	1968		2
1970	1	1	1970		1
1971		1	1971		1
1972		1	1972		
1973		1	1973		1
1974	1	4	1974	1	4
1975	2	2	1975	2	2
1976	1	2	1976	1	2
1977	2		1977	2	
1978	2		1978	2	
1979	5	3	1979	5	2
1980	1		1980	1	
1981	3	2	1981	3	2
1982	3	1	1982	3	1
1983	1	6	1983	1	6
1984	2	3	1984	2	2
1985		4	1985		4
1986	3	6	1986	3	6
1987	2	3	1987	2	3
1988	1	3	1988	1	3
1989		3	1989		3
1990	2	4	1990	2	4
1991	3	5	1991	3	5
1992	2	6	1992	2	6
1993	2	5	1993	2	3
1994	1	3	1994	1	2
1995	2	9	1995	1	8

1996	5	11	1996	5	11
1997	5	3	1997	5	3
1998	3	7	1998	3	7
1999	6	8	1999	6	7
2000	15	13	2000	15	11
2001	14	12	2001	14	12
2002	25	12	2002	23	12
2003	27	8	2003	27	8
<i>Samtals</i>	<i>147</i>	<i>162</i>		<i>141</i>	<i>150</i>

Tafla sýnir þróun í innritun nýnema að hausti frá árinu 2015 til ársins 2019. Öll árin eru fleiri konur í hópi nýnema. Heildarfjöldi nýnema var mestur árið 2018 eða 181 og minnstur árið 2016 eða 95, en árið 2019 eru nýnemar 173.

Tafla 3.

Þróun í innritun nýnema að hausti frá 2015–2019

Ár	Karlar	Konur
2015	36	75
2016	32	63
2017	48	91
2018	80	101
2019	78	95
Samtals	274	425

Í töflu fjögur kemur fram að meðalhópastærðir haustið 2019 eru stærri en vorið 2020. Meðalstærð hópa haustið 2019 var 12,5 nemendur með starfsbraut og um vorið 2020 11,1 nemendur með starfsbraut. Án starfsbrautar eru sömu tölur 12,6 fyrir haustið 2019 og 11,4 fyrir vorið 2020. Lítil munur er á hópastærðum milli anna.

Tafla 4.

Meðalhópastærðir á haustönn 2019 og vorönn 2020

Meðalhópastærðir:	Haust 2019	Vor 2020
Með STB	12,5	11,1
Án STB	12,6	11,4

Tafla fimm sýnir fjölda nemenda á námsbraut eftir kyni frá árinu 2015 til ársins 2019. Mestur fjöldi nemenda á tímabilinu sækir nám á félagsfræði/félagsvísindabraut og náttúrufræði/náttúruvísindabraut. Þá eru sækja 82 nemar nám á sjúkraliðabraut á árinu 2019 sem skýrist af því að nemendur víðar að sækja

einstaka áfanga á brautinni en eiga ekki VA sem heimaskóla. Öll árin eru fleiri stúlkur í námi en drengir. Drengir eru yfirleitt fleiri en stúlkur á verknámsbrautum.

Tafla 5.

Fjöldi nemenda á námsbraut eftir kyni 2015 til 2019

Námsbrautir	2015		2016		2017		2018		2019	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Án brautar	5	10	5	5	6	10		3	13	6
Félagsfræði/félagsvísindabraut	34	29	20	26	14	20	14	22	5	11
Framhaldsskólabraut	10	9	7	2	1	2	5		10	3
Grunnnám háriðna				4		7				8
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	4	7	7	3	9	2	9	1	6	1
Grunnnám rafiðna	17	1	7		10	3	13	1	12	1
Grunnnám rafiðna – dreifnám							11		17	2
Grunnnám málm- og véltæknigreina	11	5	7		5	1	10		7	
Grunnnám málm- og véltæknigreina - Dreifnám							9	2	4	1
Grunnnám málmíðngreina	2		1							
Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut			7	6	8	2	8	1	7	3
Húsasmíði – Iðnmeistaránám	1									
Námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum – brú				1						
Námsbraut fyrir leikskólaliða		11		17		9		17		8
Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa		8	2	9		11		11		8
Náttúrufræði/Náttúruvísindabraut	10	16	9	14	10	12	9	12	11	10
Nýsköpunar- og tæknibraut			1	2	4	3	7	5	11	3
Opin stúdentsbraut			1		3		2	1	6	9
Ótilgreint nám					2	4	10	9	8	3
Rafvirkun – Samningsbundið iðnnám			3						8	
Starfsbraut	2	9	5		3	1	3	4	11	2
Sjúkraliðabraut	1	44	1	56	5	59	3	67	5	77
Sjúkraliðabrá										
Vélstjórn B stig	15	2	12		8		1		8	
Vélstjórn B stig - Dreifnám									2	
Vélvirkjun			1						1	
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	1							1	1

Samkvæmt töflu sex er viðvera að hausti 2019 betri en að vori 2019. Fleiri virðast þurfa leyfi að hausti 2019 en að vori 2019. Hlutfall kennaraforfalla er 4,5% vorið 2019 og 3,7% haustið 2019. Óútskýrð fjarvera nemenda er 10,5% á vorönn 2019 og 10% á haustönn 2019.

Tafla 6.

Viðveruskráning nemenda vorið 2019 haustið 2019 (sem hlutfall af heildartímafjölda)

<i>Viðvera</i>	<i>Vorið 2019</i>	<i>Haustið 2019</i>
<i>Mæting</i>	<i>77,2%</i>	<i>79,3%</i>
<i>Veikindi</i>	<i>5,5%</i>	<i>5%</i>
<i>Of seint</i>	<i>1,8%</i>	<i>1,2%</i>
<i>Leyfi</i>	<i>0,5%</i>	<i>0,1%</i>
<i>Óútskýrð fjarvera</i>	<i>10,5%</i>	<i>10%</i>
<i>Kennaraforföll</i>	<i>4,5%</i>	<i>3,7%</i>

Í töflu sjö kemur fram brotthvarf nemenda haust og vor árin 2015 til 2019. Brotthvarf nemenda er minnst árið 2017 eða 1,9% um haustið og 1,1% um vorið.

Tafla 7.

Brotthvarf nemenda haust og vor árin 2015 til 2019

Ár	Haust %	Vor %	Meðaltal
2015	4,9	5	5
2016	3,3	1,7	2,5
2017	1,9	1,1	1,5
2018	3	1,4	2,2
2019	3,8	1,2	2,5

Tafla átta sýnir fjölda brautskráðra vorin 2015 til 2019 á hverri námsbraut og alls. Þar kemur fram að flestir nemendur eru brautskráðir af félagsfræðibraut/félagsvísindabraut eða 38 og 27 nemendur hafa útskrifast af náttúrufræðibraut/náttúruvísindabraut á tímabilinu. Árið 2015 eru brautskráðir nemendur 26, árið 2016 32, árið 2017 34, árið 2018 33 og árið 2019 33. Alls hafa brautskráðst 158 nemendur frá Verkmenntaskóla Austurlands frá árinu 2015. Meðal námstími er ekki áætlaður þar sem námstími eftir brautum er misjafn og framboð á námi mikið og fjölbreytt.

Tafla 8.

Fjöldi brautskráðra vorin 2015–2019 á hverrri námsbraut og alls

Námsbraut	2015	2016	2017	2018	2019	Samtals
Félagsfræðibraut/Félagsvísindabraut	9	6	10	6	7	38
Hársnyrtiiðn			1			1
Húsasmíði				11	5	16
Meistaránám í bifvélavirkjun		1				1
Meistaránám í hársnyrtiiðn						0
Meistaránám í húsasmíði			1			1
Meistaránám í vélvirkjun		2				2
Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum	4	1	3	3	5	16
Námsbraut fyrir leikskólaliða	1	2	2		1	6
Náttúrufræðibraut/Náttúruvísindabraut	6	5	8	2	6	27
Nýsköpunar- og tæknibraut					2	2
Opin stúdentsbraut				2	2	4
Rafvirkjun			6			6
Sjúkraliðabraut	1	2		6	1	10
Skólaliðabrá		1				1
Starfsbraut	2	5	2	1	1	11
Vélstjórn/Vélvirkjun	3	7	1	2	1	14
Viðbótarnám til stúdentsprófs					2	2
Samtals	26	32	34	33	33	158

Starfsmenn

Í stefnuviðmiðum Verkmenntaskóla Austurlands (VA) kemur fram að í yfirstjórn skólans eru þrjú starfsmenn, skólameistari, aðstoðarskólameistari og gæðastjóri. Við skólann starfa 27 einstaklingar á kennsluviði, fimm kennarar eru einnig deildastjórar samhliða kennslu, þ.e., á öllum verknámsbrautum og á starfsbraut. Tíu kennarar hafa ekki kennsluréttindi. Af þeim eru þrjú í 25% starfshlutfalli eða stundakennslu. Fimm þeirra kennara sem eru án kennsluréttinda stunda kennsluréttindanáms. Meðalaldur starfsmanna á kennsluviði er 45 ár. Aldursdreifingin er með eftirfarandi hætti:

- 30 – 40 ára – ellefu kennarar
- 4 – 50 ára – átta kennarar
- 51 – 60 ára – þrjú kennarar
- 61 – 67 ára – fjórir kennarar

Á þjónusutsviði VA starfa átta starfsmenn. Þar af eru fjórir karlar og fjórar konur. Meðalaldur á þjónusutsviði er 50 ár. Aldursdreifing er með eftirfarandi hætti:

- 28 – 40 ára – þrír starfsmenn
- 41 – 50 ára – engin starfsmaður
- 51 – 60 ára – tveir starfsmenn
- 61 – 66 ára – þrír starfsmenn

Í töflu níu koma fram upplýsingar um starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni haustið 2019. Í stjórnendateymi skólans eru tvær konur og einn karl. Af kennurum skólans eru karlar sex og konur sjö. Af leiðbeinendum skólans eru sex karlar og fimm konur. Samtals eru 27 starfsmenn á kennslusviði skólans, þar af 13 karlar og 14 konur.

Tafla 9.

Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni að hausti 2019

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari			1	100%
Aðstoðarskólameistari			1	100%
Verkefna- og gæðastjóri	1	100%		
Fjármála- og skrifstofustjóri			1	100%
Framhaldsskólakennari/-ar	6	100%	7	83%
Leiðbeinandi/-ur	6	78%	5	64%
Þjónustuliðar við ræstingu			2	63%
Náms- og starfsráðgjafi			1	75%
Skólafulltrúi			1	80%
Umsjónarmaður fasteigna	1	100%		
Kerfisstjóri	1	50%		
Aðstoðarhúsvörður	1	100%		
Proskafjálfi			1	75%
Næturvarsla á heimavist	1	50%		
Samtals	17	83%	20	82%

Í hópi kennara hefur einn einstaklingur lokið doktorsnámi auk kennsluréttinda, fimm hafa meistarapróf auk kennsluréttinda, og fjórir kennarar eru með BA/BS-próf auk kennsluréttinda. Þrír kennarar hafa háskólapróf án kennsluréttinda, þrír hafa lokið annarri menntun auk kennsluréttinda, og átta hafa lokið annarri menntun en starfa án kennsluréttinda við Verkmenntaskóla Austurland eins og sjá má í töflu 10.

Tafla 10.
Menntun kennara haust 2019

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	1
PhD án kennsluréttinda	
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	5
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	4
Háskólapróf án kennsluréttinda	3
Önnur menntun auk kennsluréttinda	3
Önnur menntun án kennsluréttinda	8

Í töflu elleftu koma fram upplýsingar um starfsmannaveltu á tímabilinu 2015 til 2019. Samtals eru níu nýráðningar á tímabilinu, einn hættir vegna aldurs, þrír segja starfi sínu lausu, tveir hætta vegna tímabundinnar ráðningar og einum er sagt upp. Fram kemur í gögnum frá Verkmenntaskólanum á Austurlandi að meðal starfsaldur er 8,6 ár. Einnig kemur fram að á haustönn 2019 hafi þrír stundakennarar starfað við skólann, tveir með fjórar stundir á viku og einn með átta stundir á viku. Á vorönn 2019 voru tveir stundarkennarar, einn með þrír stundir á viku og einn með átta stundir á viku.

Tafla 11.

Upplýsingar um starfsmannaveltu á tímabilinu 2015 til 2019.

Tímabil	Hætta vegna aldurs	Starfsmaður lést	Segja upp	Hætta vegna tímabundinnar ráðningar	Sagt upp	Nýráðnir	Tímabundnar ráðningar	Fjöldi
2015/vor							6	
2015/haust			1			3	13	
2016/vor							10	
2016/haust							6	
2017/vor		1					8	
2017/haust			1		1	1	5	
2018/vor	1						7	
2018/haust						1	2	
2019/vor						1	5	
2019/haust			1	2		3	5	

Samkvæmt skóladagatali Verkmenntaskóla Austurlands þá er fjöldi skóladaga 180 og starfsdagar aðliggjandi skólaári 4. Skólaárið 2019 til 2020 miðast við 19. ágúst 2019 og áætlað er að skólaárinu ljúki 28. maí 2020.

Viðmið og vísbendingar

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í viðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.	S/M			
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.	S/M			
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	S/M			
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.		S/M		
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.		S/M		

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.		S/ M		
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	S/ M			
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	M	S		
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	S	M		
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.		S/ M		

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.			S	M
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	S/M			
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.	S/M			

1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	S/M			
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	S/M			
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.		S/M		
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	SM			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	M	S		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	S/M			

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.		S/M		
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	M	S		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	M	S		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.		S/M		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.		S/M		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	S/M			
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.		S/M		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.		S/M		

2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tók eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.		M	S	
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	S	M		

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.		S/M		
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.		S/M		
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.		S/M		

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		M	S	
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.		S/M		
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.		S/M		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.		M	S	

2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluáðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.	S	M		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	S/M			
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.		S/M		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.	S		M	
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	S	M		
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.		S	M	

Þáttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	S/M			
45. Nemendum líður vel í skólanum.		S/M		
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.		S/M		

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	S/M			
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		S/M		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.		S	M	

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.		S	M	
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	S/M			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	M	S		
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.			S/M	

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.	S/M			
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.	S/M			
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.			S/M	

3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólalæiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	S/M			
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.		S	M	
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.		S/M		

Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísbendingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	S		M	
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	S/M			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.	S/M			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.		S	M	
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.		S	M	
65. Skólinn hefur fullnægjandi mötuneytisaðstöðu.		S	M	
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	S	M		

Þáttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólstarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólstarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.	S/M			
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.	S	M		
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	S/M			

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.	S/M			
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.		S/M		
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.		M	S	
73. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.		M	S	
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	S/M			
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.		M	S	

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.				S/M
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.	S/M			
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	S/M			

Viðaukar – Greinargerð matsmanna

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsmanna fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundvallar við ytra mat á Verkmenntaskóla Austurlands haustið 2020. Jafnframt eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólasterfið í hverjum þætti svo og tækifæri til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í upphafi umfjöllunar.

Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Verkmenntaskóli Austurlands starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá árinu 2008, aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Skólinn er starfsnáms- og bóknámsskóli sem býður nemendum upp á fjölbreytt nám á 14 brautum, sjá töflu fimm. Þá býður skólinn upp á dreifnám þar sem námsframboð er háð eftirspurn. Með þessu mikla námsframboði leggur skólinn áherslu á að mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda. Sérstaða skólans endurspeglast ekki síst í því að skólinn er eini skólinn á Austurlandi sem býður upp á starfsnám og einnig er sérstaða hans fólgin í því að vera í nánum tengslum við atvinnulífið. Þá leggur skólinn áherslu á austfirskt samfélag með því að byggja upp góð tengsl við aðra skóla, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök í landshlutanum. Í máli skólameistara kom fram að VA er eini skólinn frá Akureyri í norðri til Selfoss í suðri sem býður fram fjölbreytt iðn- og verknámsgreinar og því er það stærsta verkefni skólans að standa vörð um þetta fjölbreytta námsframboði.

Í skólanámskrá VA kemur fram að grunngildi skólans eru; agi, jafnrétti, sköpun og framfarir. Lögð er áhersla á að kennsla og nám einkennist af skipulagi og aga. Nemendur þurfa að skipuleggja störf sín með markvissum mætti, gæta agaðrar hugsunar og hegðunar jafnt í skólasterfinu sem félagslífi og undirstrikað er að sjálfsagi nemenda er lykillinn að góðu skólasterfi. Þá leggur skólinn áherslu á jafnan rétt allra einstaklinga og hópa í skólasterfinu, að hvatt sé til skapandi hugsunar og frumkvæðis og að samvinna sé afar þýðingarmikil. Þá segir í skólanámskránni að í Verkmenntaskóla Austurlands skuli hvatt til framsækni á öllum sviðum þó svo að rótgróin gildi séu einnig virt.

Í Verkmenntaskóla Austurlands er skipulag skólasterfs með nokkuð klassískum hætti, skólasterfi er skipt í tvær annir haustönn og vorönn sem báðum lýkur með prófaloðu. Prófdögum hefur fækkað þar sem meiri áhersla er lögð á símat m.a. í formi leiðsagnarmats og jafningjamats. Vörður eru þrisvar á önn og koma í stað miðannarmats, fyrir hvern Vörðudag er námsmatsdagur þar sem kennarar skrifa umsögn um alla sína nemendur. Samhliða þessu fá nemendur hvatningabréf. Í máli foreldra og nemenda kom fram mikil ánægja með þetta fyrirkomulag. Námsmatsdagur er jafnframt notaður til fyrirlestra og símenntunar fyrir kennara. Allir nemendur eru með vinnustofutíma í stundatöflu sinni og eru vinnustofutímar hluti af tímafjölda hvers áfanga.

Kennt er samkvæmt áfangakerfi og áhersla er lögð á samlegðaráhrif áfanga á milli brauta sökum smæðar skólans. Stúðentsbrautir eru skipulagðar sem þriggja ára námsbrautir en nemendur ljúka námi á mislögum tíma. Skipulag brautanna byggir á aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 og allar brautir við skólann jafnt í bóknámi og verknámi eru kenndar skv. nýjum samþykktum námskrám. Árið 2020 er fyrsta árið sem allir áfangar taka mið af nýjum námskrám jafnt á starfsnáms sem bóknámsbrautum. Verkstæði til verklegrar kennslu eru innan veggja skólans þar sem gert er ráð fyrir 8 nemendum og lagði skólameistari áherslu á mikilvægi þess að nemendur geti klárað nám sitt innan skólans, því að ef þeir þurfa að leita annað vegna þess að framboð á áföngum er ekki nægilegt vinnur það gegn skólanum og innritun á brautirnar. Áfangalýsingar allra kennslugreina má sjá á vef skólans og kennsluáætlanir einstakra áfanga eru aðgengilegar nemendum á námsnetinu Moodle. Við skólann er starfrækt heimavist.

Verkmennaskóli Austurlands hefur sett sér fræðslustefnu þar sem lögð er áhersla á að starfsmenn eigi kost á fræðslu og þjálfun. Í heilsustefnu skólans er markmiðið að bæta heilsu og líðan þeirra sem starfa og nema við skólann og hafa heilsuhvetjandi áhrif á umhverfi sitt en skólinn er Heilsueflandi framhaldsskóli. Jafnréttisstefna VA var samþykkt í maí 2020 og byggir á lögum um jafna stöðu og rétt kvenna og karla og lögum um kynrænt sjálfræði. Markmið jafnréttisstefnu skólans er að skapa jöfn tækifæri fyrir allt starsfólk skólans og nemendur hans. Kynin skulu njóta jafns réttar í hvívetna. Stefna skólans er að gæta fyllsta jafnréttis allra og að starfsfólk og nemendur séu metin og virt að verðleikum og á eigin forsendum. Við skólann starfar jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúi sem hafa það hlutverk að sjá til þess að jafnréttisstefnu sé fylgt.

Í forvarnarstefnu er lögð áhersla á að forvarnir séu hluti af daglegu starfi skólans og feli í sér fræðslu og námskeið fyrir starfsmenn og nemendur. Jafnframt að hafa það að markmiði að stuðla að betri líðan og ástundun nemenda, ýta undir jákvæða lífssýn og heilbriðgða lífshætti. Félagslíf nemenda og viðburðir á vegum skólans skulu einkennast af heilbrigðum lífsháttum og miða að því að efla félagsþroska nemenda. Við skólann starfar forvarnarfulltrúi og forvarnarteymi. Þá hefur skólinn gefið út skilgreiningu á einelti og meðferð eineltismála þar sem því er lýst yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi sé liðið í skólanum og að það sé hlutverk allra starfsmanna og nemenda að vera vakandi fyrir einelti og koma vitneskju um einelti á framfæri við rétta aðila inna skólans. Þá er til staðar viðbraðgðáætlun og rýmingaráætlun fyrir skólann til að bregðast við ef hættuástand kemur upp.

Með starfsmannastefnu skólans er lögð áhersla á að skapa vinnuumhverfi sem laðar að hæft starfsfólk og gerir það eftirsóknarvert að vinna við skólann, því gott starfsfólk er grunnurinn að góðum árangri. Persónuverndarstefna skólans er í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Markmið stefnunnar er að auðvelda einstaklingum að átta sig á hvaða upplýsingum skólinn safnar, hvers vegna og hvað er gert við þær. Jafnlaunastefna VA er órjúfanlegur hluti af starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu skólans. Jafnlaunastefnan kveður á um markmið og aðgerðir sem eiga að tryggja starfsfólki þau réttindi sem kveðið er á um í jafnréttislögum. Í jafnlaunaáætlun skólans er kveðið á um að öllum starfsmönnum séu greidd sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og/eða jafnverðmæt störf.

Í siðareglum skólans segir; kennurum og starfsfólki ber að:

- virða réttindi nemenda og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi, efla sjálfsmynd þeirra og sýna sérhverjum einstaklingi virðingu, áhuga og umhyggju
- gæta trúnaðar við nemendur
- **gæta þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi**
- hafa jafnrétti allra nemenda að leiðarljósi í skólastarfi
- vinna gegn fordómum og mismuna ekki nemendum t.d. vegna kynferðis, kynhneigðar þjóðernis eða trúarbragða
- leitast við að vekja með nemendum virðingu fyrir umhverfinu og menningarlegum verðmætum
- hafa samvinnu við forráðamenn eftir þörfum og gæta þess að upplýsingar sem þeir veita forráðamönnum séu áreiðanlegar og réttar
- sýna hvert öðru fulla virðingu í ræðu, riti, tölvusamskiptum og framkomu

Í Umhverfissáttmála skólans segir:

„Rekstur VA er og skal vera eins vistvænn og kostur er. Ávallt skal efla skilning nemenda, starfsmanna og annarra sem að skólastarfinu koma á umhverfi sínu ásamt því að auka virðingu fyrir náttúru landsins, auðlindum þess, orkunýtingu og endurvinnslu. Stuðla skal að menntun til sjálfbærni og lýðheilsu með heilbrigði og forvarnir í fyrirrími. Lýðræðisleg vinnubrögð skulu ávallt höfð að leiðarljósi í skólastarfi“.

Við skólann starfar umhverfisnefnd sem í sitja fulltrúar nemenda, kennara, starfsmanna og foreldra. Skólinn hóf þátttöku í grænfánaverkefni haustið 2016 og telst nú vera grænfána skóli.

Þá hefur skólinn sett sér verklagsreglur fyrir móttöku nýbúa í VA sem felur m.a. í sér samstarf við grunnskóla, samráðsfundi við fagaðila og forelda/forráðamenn, skipulagningu á námi og kynningu á aðstæðum í skólanum.


Af ofangreindu má sjá að stefnur Verkmenntaskóla Austurlands bera vitni um mikinn metnað og vilja til árangurs. Þó er erfitt að meta með afgerandi hætti hvort, hvernig og hversu mikið þær birtast í daglegu starfi. Eftir samtöl við rýnihópa nemenda, kennara, foreldra og annarra starfsmanna er það niðurstaða matsmanna að skólastarfið taki mið af ofangreindum stefnum og ber þess sérstaklega merki þar sem starfandi eru nefndir/ráð/teymi/fultrúi sem fylgja eftir stefnunni. Hjá skólameistara kom fram að stefnurnar væru orðnar margar og að erfitt gæti reynst að halda utan um virkni þeirra í skólasamfélaginu. Hún lagði hins vegar áherslu á að gildi skólans Samvinna – Þekking – Árangur endurspegluðust í öllu starfi skólans.

Að gæta samræmis á milli stefnu og starfsemi er viðvarandi verkefni og mikilvægt að hugað sé að því með reglubundnum hætti.

Af framansögðu má ráða að Verkmenntaskóli Austurlands á sér vel ígrundaða sýn og útfærða stefnu sem tekur mið af stöðu skólans í samfélaginu, gæðum í skólastarfi og þeim fjölbreytta nemendahópi sem sækir skólann. Þar sem áhersla er á að hver og einn nái árangri, eflist á eigin ábyrgð og sýni frumkvæði. Uppeldi til ábyrgðar er mottó skólans. Í samtölum við rýnihópa var spurt hvort menn upplifðu að unnið væri markvisst eftir þeim áherslum sem lagðar eru í stefnum skólans. Í svörum kom fram að svo væri í þeim mörgu verkefni sem unnið væri að í beinum tengslum við stefnurnar en þó vantaði upp á að nemendur þekktu gildi skólans.

Í samtölum við stjórnendur skólans kom fram að upplýsingastreymi er gott innan skólans, skólinn er lítill og auðvelt að ná til nemenda og starfsmanna. Þó kom það fram að verknámsdeildir væru í annarri álmu skólans og samskipti þar á milli mættu vera meiri. Stjórnendur fundu vikulega og gefa út fréttabréf sem er sent út eftir málefnum. Þá eru upplýsingaskjár í skólanum sem tengdir eru við vef skólans.

Mynd 1. Skipurit Verkmenntaskóla Austurlands



Skipurit VA skýrir myndrænt uppbyggingu og tengsl þeirra sem starfa innan skólans og tengjast skólanum utan hans. Það kom fram í máli skólameistara að verið væri að endurskoða skipurit skólans en nógildandi skipurit væri ekki nægilega lýsandi/rétt fyrir uppbyggingu skólans í dag.

Samkvæmt skipulagi skólans í dag eru þrír í yfirstjórn Verkmenntaskóla Austurlands, skólameistari, aðstoðarskólameistari og gæðastjóri en fjármála- og skrifstofustjóri vinnur náið með stjórnendum. Stjórnun skólans hefur verið að breytast úr því að flest mál voru á borði skólameistara yfir í teymisvinnu stjórnenda. Það skýrist m.a. af því að að allir stjórnendur nema fjármála- og skrifstofustjóri eru nýkomnir til starfa en skólameistari kom til starfa haustið 2018 en aðstoðarskólameistari og gæðastjóri haustið 2019. „Með nýju fólki kemur breyttur stíll“ sagði skólameistari. Stjórnunin er lýðræðisleg og allar breytingar á skólastarfi eru ræddar í teyminu.

Skólameistari Verkmennaskóla Austurlands er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi skólans. Honum ber að framfylgja lögum og reglugerðum, sem um skólann gilda, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum á hverjum tíma og stýra starfi hans í samræmi við erindisbréf og stefnumiðaða áætlun milli skólans og ráðuneytis. Fram kom hjá viðmælendum að skólanum væri vel stjórnað og skólameistari væri faglega sterkur. Skólameistari væri gríðalega áhugasamur um starfið en vinnuálag væri mikið. Skólameistari uppfyllti vel stjórnunarlegar skyldur sínar og væri í góðum tengslum við starfsfólk og nemendur. Skólameistari væri vel inni í málum og með „puttann á púlsinum“ eins og einn viðmælandi orðaði það. Almennt töldu viðmælendur að traust ríkti innan skólans til skólameistara og stjórnenda þó upp kæmu einstöku mál sem ágreiningur væri um. Þá kom fram að mikill tími færi í fjármálin og að skólinn ætti við fjárhagsvanda að stríða. Hjá nær öllum viðmælendum kom fram umræða um fjárhagsvanda skólans og töldu margir að þetta hefði ekki aðeins áhrif á einstök verkefni og tækjakaup heldur á skólabrag og starfsanda. Matsmenn upplifðu áhyggjur og vanlíðan jafnt hjá starfsfólki sem nemendum af fjármálum skólans, „fjármálin virðast vera að fara með alla innan skólans“ sagði einn viðmælenda.

Starf aðstoðarskólameistara hafði ekki verið við skólann fyrr en ráðinn var aðstoðarskólameistari haustið 2019. Fram að þeim tíma hafði áfangastjóri verið við störf en starfslýsingu var breytt og störf áfangastjóra nú að mestu á borði aðstoðarskólameistara sem sér um áfangastjórnunina, Innuna og nemendamálin s.s. framboð áfanga, val og brautarlýsingar, þá eru skólareglur og agamál einnig á borði aðstoðarskólameistara þó stjórnendateymið komi sameiginlega að mörgum þessara mála. Fram kom í viðtölum við stjórnendur að góð samvinna er á milli stjórnenda og að þeir vinni í síauknu mæli í teymi að úrlausn verkefna og framtíðarskipulagi. Sýnin sem hópurinn hefur er sameiginleg og hópurinn gengur vel í takt. Aðrir viðmælendur töldu samskipti ganga vel fyrir sig og að auðvelt væri að ná í stjórnendur.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skipar mennta- og menningarmálaráðherra skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Megináherslur í starfi skólanefndar eru að marka áherslur í starfi skólans, staðfesta skólanámskrá og vera skólameistara til samráðs. Í máli formanns skólanefndar kom fram að nefndin væri fyrst og fremst til ráðgjafar, eftirlits og umsagnar. Til styrktar starfinu og til að samþykkja námsframboð skólans. Þá væri skólanefndin mjög innvikuð í fjármálin. Formaður nefndarinnar taldi þetta ganga mjög vel og að skólanefndin væri nýtt vel til skilgreindra verkefna. Skólinn væri mjög mikilvægur fyrir samfélagið og nauðsynlegt væri að bjóða upp á fjölbreytt nám til að viðhalda menntunarstigi á svæðinu. Heilt yfir væri skólanefndin ánægð með samstarfið við skólann og stjórnendur hans og ef upp hefðu komið erfið mál innan skólans þá hefðu stjórnendur sýnt staðfestu og styrk við lausn þeirra.

Deildarstjórar hafa verið fimm við skólanna eða í háriðngreinum, mál- og véltæknigreinum, rafiðngreinum, tréiðngreinum og fyrir starfsbraut en frá árinu 2019 hefur ekki verið starfandi deildarstjóri starfsnámsbrautar. Deildarstjóri þarf að geta unnið sjálfstætt og eftir sýn, stefnu og markmiðum VA. Deildarstjóri ber m.a. faglega ábyrgð á sérgreinum sinnar deildar í samræmi við lög og reglur sem um þær gilda, fylgist með þróun í þeim faggreinum og er skólastjórnendum til ráðuneytis um breytingar og nýjungar er varða kennslu. Þeir eru ábyrgir fyrir innkaupum og viðhaldi tækja og búnaðar, taka þátt í þverfaglegum verkefnum innan skólans og eru umsjónarkennara nemenda á brautinni. Þá eru þeir skólameistara til ráðuneytis um starfsmannaráðningar í faggreininni. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að þrátt fyrir smæð skólans geta nemendur í sumum faggreinum klárað námið til námsloka við VA en í öðrum þurfa þeir að fara

annað sem getur orðið til þess að nemendur hætta námi. Sveinspróf eru að mestu haldin á Akureyri en dæmi eru um að þau séu haldin í VA. Fram kom hjá deildarstjórum að mesti styrkur skólans væri nándin við nemendur, metnaðarfullt starf og góður árangur nemenda. Fagstjórar verklegra greina höfðu áhyggjur að tækjabúnaði sem kominn til væri ára sinna og að erfitt væri að sækja fé til endurnýjunar. Sumar deildir glíma við plássleysi en aðrar við óheppilega staðsetningu s.s. trúðngreinar sem staðsettar eru á annarri hæð og gera aðföng erfið.

Styrkleikar

- Skólinn hefur markað sér skýra stefnu og sýn sem endurspeglast í starfi hans
- Fjölbreytt starfs- og bóknám við skólann
- Öflugir stjórnendur
- Fast skipulag á skólastarfi
- Aðgengi að stjórnendum er gott
- Skipulag sjálfsmats er til fyrirmyndar
- Formleg starfsmannasamtöl
- Ársskýrslur og Matsskýrslur eru aðgengilegar á vef

Tækifæri til umbóta

- Klára nýtt skipurit fyrir skólann
- Tryggja sýnileika á gildum skólans fyrir nemendur
- Koma í veg fyrir að umræða um fjármál skólans liti skólabrag og starfsanda
- Jafna stöðu og samstarf bók- og verknáms innan skólans
- Fá vottun á ISO gæðakerfið

Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Eins og fram kemur í stefnuviðmiðum Verkmenntaskóla Austurlands (VA) er skólinn áfangaskóli sem býður upp á verk- og bóknáms, bæði brautir til starfsréttinda og til stúdentsprófs. VA er eini skólinn á austanverðu landinu sem gefur nemendum kost á að leggja stund á nám á iðn- og starfsnámsbrautum auk bóknámsbrauta. Haustið 2019 var boðið upp á nám á 14 námsbrautum; átta verk- og starfsnámsbrautum, starfsbraut fyrir fatlaða, framhaldsskólabraut og fjórum stúdentsbrautum. Miðað er við að nám á stúdentsbrautum taki þrjú ár. Inntökuskilyrði á einstaka námsbrautir eru tilgreindar á vef skólans sem og kröfur um námsframvindu. Skólanámskrá er birt vef á VA og er hún í sífelltri endurskoðun. VA er auk þess virkur þátttakandi í starfi og þróun Fjarmenntaskólans sem og í samstarfi við aðra verknámskóla. Við skólann er starfrækt Íþróttakademía í samstarfi við Íþróttafélög í Fjarðarbyggð og einnig listaakademía. 309 nemendur stunda nám við skólann á haustönn 2019. Gögnin frá VA sýna að námsframboð er mikið og fjölbreytt. Meðalstærð hópa um haustið 2019 var 12,5 nemendur með STB og 12,6 nemendur án STB. Meðalstærð hópa um vorið 2020 var 11,1 með STB og 11,4 nemendur án STB. Miðað við viðmið í reiknilíkani framhaldsskóla eru hópar mjög fámennir. Hópar eru að meðaltali fjölmennastir í upphafi skólaárs en minnka er líður á skólaárið m.a. vegna útskrifta og brotthvarfs. Námsframboðinu er stýrt þar sem við á og áfangar aðeins kennir á haustönn eða vorönn og í sumum tilfellum eru áfangar kenndir á þriggja eða fjögurra anna fresti til að nýta samlegðaráhrif. Þetta á þó sérstaklega við um áfanga á stúdentsprófsbrautum á öðru og þriðja ári.

Í gögnum frá Verkmenntaskóla Austurlands (VA) kemur fram að í hópi kennara hefur einn einstaklingur lokið doktorsnámi auk kennsluréttinda, fimm hafa meistaraþróf auk kennsluréttinda, og fjórir kennarar eru með BA/BS-þróf auk kennsluréttinda. Þrír kennarar hafa háskólaþróf án kennsluréttinda, þrír hafa lokið annarri menntun auk kennsluréttinda, og átta hafa lokið annarri menntun en starfa án kennsluréttinda við Verkmenntaskóla Austurland.

Auk þess koma fram upplýsingar um starfsmannaveltu á tímabilinu 2015 til 2019. Samtals eru níu nýráðningar á tímabilinu, einn hættir vegna aldurs, þrír segja starfi sínu lausu, tveir hætta vegna tímabundinnar ráðningar og einum er sagt upp. Í máli skólameistara kom fram að við styttingu á námi til stúdentsprófs hefði ekki þurft að fara í erfiðar aðgerðir eins og t.d. uppsagnir. Einnig að nýráðningar gangi vel og vinnustaðurinn sé vinsæll. Fram kemur í gögnum frá Verkmenntaskólanum á Austurlandi að meðlastarfsaldur er 8,6 ár. Einnig kemur fram að á haustönn 2019 hafi þrír stundakennarar starfað við

skólann, tveir með fjórar stundir á viku og einn með átta stundir á viku. Á vorönn 2019 voru tveir stundarkennarar, einn með þrjár stundir á viku og einn með átta stundir á viku.

Kennsluhættir

Helstu markmið VA fram til ársins 2022 er að minnka brotthvarf úr námi, efla gæði bók- og starfsnáms, standa vörð um námsframboð í starfsnámi með því að stuðla að aukinni aðsókn í námið, efla mannauð innan stofnunarinnar og að halda rekstri skólans innan fjárheimilda. Gögn til grundvallar eru brottfalls mælingar MRN, gögn náms- og starfsráðgjafa og gögn úr Innu. Mæling eflingu gæða bók- og starfsnáms miðast við gögn úr áfangamati úr Innu. Stuðst er við innritunargögn úr Innu til að mæla námsframboð, sem og upplýsingar úr gestabókum frá árlegum Tæknidegi. Við mælingu á fjárhagsstöðu skólans er miðað við útkomuspá og ársreikning hvers árs, og ISO gátlistar eru notaðir við endurnýjun tækja og búnaðar.

Þeir mælikvarðar sem stuðst er við til að ná ofangreindum markmiðum eru:

- 1 Hlutfall nýnema sem innritast á annað ár strax að loknu fyrsta ári.
- 2 Hlutfall nýnema sem mælast í brottfalsshættu sem innritast á annað ár strax að loknu fyrsta ári.
- 3 Hlutfall nemenda sem kemur úr grunnskóla með einkunnina C+ eða lægri sem stenst byrjunaráfanga á fyrst þrepi í kjarnagreinum og getur hafið nám á öðru þrepi.
- 4 Viðhorf nemenda til kennslu.
- 5 Viðhorf nemenda til aðstöðu til náms í skólanum.
- 6 Hlutfall nýnema sem innritast í VA að hausti eftir grunnskóla, sem velur starfsnám
- 7 Hlutfall íbúa á Austurlandi sem heimsækir VA á Tæknidegi fjölskyldunar.
- 8 Endur- og símenntun innan skólans: fjöldi námskeiða og fyrirlestra, virkni jafningjafræðslu og lærdómssamfélag
- 9 Endur- og símenntun utan skólans: þátttaka starfsmanna í námskeiðum, ráðstefnum, starfsspeglun og annarri fræðslu og sjálfseflingu utan skólans.
- 10 Fjöldi samþykktra starfslýsinga skv. ISO 9001 staðli.
- 11 Fjöldi starfsmannaviðtala á ári.

Í samtali við skólmeistara kom fram að starfsemi VA gangi með aðhaldssemi og að námsframboð skólans hafi verið nokkuð óbreytt til margra ára. Nýsköpunar og tæknibraut var sett á legg, en þar sem fáir nemendur hafi sótt um nám á brautinni hafi námið verið fellt niður. Stúdentabrautirnar eru metnaðarfullar en full stórar fyrir skólann. Nemendum fækkar á stúdentabrautunum en iðngreinarnar stækka. Hárið á þó í vök að verjast. Á starfsbraut eru 8 nemendur og þar er nemendum boðið fullt nám og í sumum tilfellum hafa nemendur af starfsbraut lokið iðnámi. Þriggja ára stúdentabrautirnar eru komnar inn, en iðnámið er miðað við fjögur ár.

Í samtali við rýnihóp kennara kom fram að flestir nota stutta innlög og svo verkefnavinnu í sinni kennslu. Best gengur að vinna með efni sem kennarar hafa sett saman sjálfir fyrir sína námshópa. Verkefnavinnan miðar við einstaklings verkefni, hópverkefni, tilraunir og kynningar. Í iðngreinum er verkefnavinna ráðandi og svo gengur kennari á milli nemenda og aðstoðar þá við að leysa þau vandamál sem þeir glíma við hverju

sinni. Heimanám er mjög lítið í iðngreinunum þar sem námið byggir mikið á viðveru og verkefnavinnu nemenda. Kennarar kenna líka í dreifnámi unnið er með myndbönd og vendinám. Kennsluaðferðir eru lýðræðislegar þar sem gerð er tilraun til að færa ábyrgð yfir til nemenda. Skólinn er með sjálfsmat og jafningjamat. Leiðsagnarmat er að verða stærri hluti að mati við skólann, og lokaprófum hefur fækkað mikið. Námið er orðið fjölbreyttara og meira verkefnaþætt. Stór verkefni mega ekki hafa meira vægi en 40%. Í iðnáminu er yfirleitt góður vinnufriður, þar sem meira er um fullorðið fólk í þeim greinum. VA hefur ekki þurft að eiga við erfið agavandamál. Skólameistari tekur á slíkum málum. Kennarar fá líka aðstoð frá umsjónarkerfinu og námsráðgjafa. Kennarar mega bæta sig í mannréttinda áherslu en starfið er lýðræðislega miðað. Skólinn er eftirsóknarverður vinnustaður, en starfsandi hefur aðeins þungt miðað við undanfarin ár. Hins vegar má benda á að á vorönn 2020 gætti áhrifa Covid-19 með uppbroti á skólastarfi og auknu álagi á starfsfólk. Mikið af starfsþjálfun er sótt inn í skólann sjálfan, og á Tæknidegi sem hefur verið árlegur viðburður verður námið sýnilegt, og þannig er stutt við uppbyggingu þekkingarsamfélags. Almenn ánægja var hjá viðmælendum með Tæknidaginn.

Áfangamat er framkvæmt fyrir alla áfanga á hverju ári og stuðst er við gæðastaðal ISO 9001, tvær spurningar eru óbreyttar frá ári til árs. Áfangamatið snýr bara að viðkomandi áfanga, og eru kennsluáætlanir allar eins. Þannig að nemandinn fær alltaf sömu upplýsingar um námsefni, yfirferð, verkefni, og námsmat óháð því hvaða áfanga nemandinn situr. Skólinn er með framvindumat, en þá hitta deildarstjóri og gæðastjóri kennara og fjallað er um hvað gengur vel í hverjum áfanga fyrir sig. Skólinn er með starfsmannaviðtöl þar sem áfangamatið kemur inn. Óvenjumikið fall í áfanga er dregið fram á fundi þar sem fjallað er sértaklega um hvað veldur. Þetta eru góðir fundir og hann sitja venjulega þrír, kennari, gæðastjóri og skólameistari.

Í rýnihópi nemenda kom fram að VA er þægilegt námssamfélag, skólinn er góður og starfið er metnaðarfullt. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, fjölbreytta hópavinnu og glósur. Inna er notað fyrir utanumhald, viðveru og þess háttar. En Moodle er notað sem kennsluvefur fyrir verkefni og námið sjálft. Lang oftast er vinnufriður í tímum. Skólanum er skipt upp í sóttvarnarhólf og iðnámið er í staðnámi og þá er gott samband við atvinnulífið. Aftur á móti þekkja nemendur ekki gildi skólans og þau koma ekki beint fram í kennsluáætlunum. Ípróttakademían er fyrir þá nemendur sem stunda skipulagðar ípróttir og listaakademían setur upp leikrit þriðju hverja önn.

Í rýnihópum kennara, nemenda, deildarstjóra, fjármálastjóra og skólameistara kom fram að bókasafnið er sá staður í skólahúsinu sem nemendur nota til lærdóms. Þar er að vísu ekki starfandi bókasafnsfræðingur og ritari skólans, sem er hættur störfum sökum aldurs, heldur nýskráningu efnis fyrir bókasafnið gangandi með heimsóknum í safnið aðra hverja viku. Fjármálastjóri hefur síðan fylgst með umgengni á safninu sem er góð. Lítið eftirlit er með nemendum á safninu en nemendur hafa svarað því trausti sem þeim er sýnt með góðri umgengni. Tækjabúnaður til náms í iðngreinum er komin til ára sinna og þarf endurnýjunar við. Staðsetning iðngreina bygginga og mannvirkja í skólabyggingunni er slæm.

Innan skólans er mjög fjölbreyttur nemendahópur. Ákveðinn hópur glímir við kvíða, vanlíðan og þunglyndi. Mikið og fjölbreytt námsframboð er kostur fyrir þjónustusvæði skólans. Nemendur á bóknámsbraut geta tekið valáfanga í iðngreinum og því er mikill sveigjanleiki í námi. Eitthvað er um það að nemendur taki iðnám með bóknámi og oft er það ekki mikið sem iðnemi þarf að bæta við sig til að ljúka stúdentsprófi af

bóknámsbraut. Á starfsbrautinni er þroskaþjálfari sem fylgir nemendum inn í tíma og þeir taka áfanga utan brautar, og sumir hafa lokið námi í iðngreinum. Skólinn er með skiptinema og nemendur sem hafa komið hingað sem flóttamenn. Nemendur sem komu sem flóttamenn voru í sérstakri umsjón fyrstu tvö árin á Íslandi og höfðu þeir þá arabískumælandi umsjónaraðila auk umsjónarkennara úr skólanum. Í rauninni hafa erlendu nemarnir aðlagast vel og það var meira utanumhald um þessa nemendur en aðra. Námsráðgjafi er tengiliður ef þarf túlkun í viðtölum, og VA er með ÍSAN áfanga, og nýbúabraut innan framhaldsskólabrautar. Mjög misjafnt er hvernig þessi hópur hefur náð að tengjast íslenskum nemendum. Þegar nemendur finna sameigilegan punkt eða áhugasvið virðist uppruni ekki skipta máli. Skólinn hefur komið á mentor fyrirkomulagi þegar við finnum þörf fyrir slíkt. Kennarar leita aðallega til námsráðgjafa vegna nemenda sem þeir hafa áhyggjur af. Fólk reynir að styðja hvert við annað.

Styrkleikar

- Metnaðarfullt starfsfólk
- Stuðningur námsráðgjafa
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir
- Áhersla á lýðræði
- Samhæfðar kennsluáætlanir
- Skýrar reglur um námsmat
- Nánd við nærsamfélagið
- Mikið námsframboð
- Boðið upp á bóknað og iðnnám
- Gott samstarf nemenda og kennara í kennslustofunni
- Skýrar skólareglur
- Gott utanumhald um erlenda nemendur

Tækifæri til umbóta

- Fámennir hópar
- Skoða námsbrautaframboð út frá fjölda kenndra brauta
- Aðgengi að endurmenntun og starfsþjálfun kennara
- Styðja við listaakademíu

Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Starfsandi í Verkmenntaskóla Austurlands hefur verið mjög góður en fer þó dvínandi. Viðmælendur mátu það svo að almennt væri starfsfólk skólans ánægt í starfi en þó ekki ekki eins og verið hefur og töluðu margir um fjárhagsvanda skólans í því samhengi.

Verkmenntaskóli Austurlands notar könnun starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) sem stendur árlega fyrir könnuninni Stofnun ársins sem er ein stærsta og veigamesta vinnumarkaðskönnun landsins. Í könnuninni eru mældir þættir á borð við ánægju og stolt, starfsanda, trúverðugleika stjórnenda, launakjör, sjálfstæði í starfi, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, ímynd stofnunar og jafnrétti. Niðurstöðurnar gefa mikilvægar upplýsingar um stöðu mála innan þeirra stofnana sem taka þátt í könnuninni. Verkmenntaskóli Austurlands hefur verið þátttakandi í Stofnun ársins undanfarin ár og því var ákveðið í Gæðaráði að nota þessa könnun sem starfsmannakönnun skólans. Ef litið er sérstaklega á þættina starfsandi annars vegar og ánægja og stolt hins vegar hefur skólinn á undangengnum árum verið að sína virkilega góðan árangur og vel yfir meðaltali annarra framhaldsskóla og háskóla, mælikvarðinn er 1-5. Skólaárið 2016- 2017 mældist starfsandi 4,41, árið 2017-2018 mældist starfsandi 4,61, árið 2018-2019 mældist starfsandi 4,44 og á síðasta skólaári 2019-2020 mældist hann 4,20 sem er töluvert lægra en árin á undan og í fyrsta skipti á þessu tímabili sem starfsandinn mælist undir meðaltali annarra framhaldsskóla og háskóla. Ef við skoðum liðinn ánægja og stolt þá mældist það á skólaárinu 2016-2017 4,63, á árinu 2017-2018 aftur 4,63, á árinu 2018-2019 4,55 og á síðasta skólaári 4,24 sem er jafnframt í fyrsta skipti undir landsmeðaltali annarra framhaldsskóla og háskóla. Svörunin á þessu tímabili var á bilinu 63-74%. Eins og áður hefur komið fram eru stjórnendur nýlega komnir til starfa, starfsaldur er að jafnaði 8,6 ár við skólann og starfsmannavelta er nokkur miðað við stærð skólans eða níu nýir starfsmenn sl. fimm ár. Þá er nokkur hluti kennara ráðinn tímabundið sem væntanlega er óhjákvæmilegt sökum þess hve námsframboð er fjölbreytt.

Í ofangreindri könnun eru starfsmenn einnig spurðir um ánægju með vinnuskilyrði en þar kemur í ljós að vinnuskilyrði er sá liður sem er að jafnaði lægstur í mati skólans ef frá er talinn launabátturinn, á síðustu 5 árum. Þetta er í raun í samræmi við það sem fram kom hjá viðmælendum er varðar vinnuaðstöðu kennara og skort á húsnæði fyrir starfsemi skólans. Einnig umræðu um mötuneyti sem staðsett er í heimavist í öðru húsi í nokkurri fjarlægð frá skólanum. Í verknámshúsi eru aðstæður kennara óviðunandi vegna hljóðmengunar og annarrar truflunar en vinnuaðstaðan er samliggjandi verkstæðum og aðeins með glervegg á milli. Í bóknámshúsi er einnig óánægja með vinnuaðstöðu en þar má segja að vinnurýmið sé sprungið og erfiðlega gengur að koma öllum kennurum fyrir og skapa þar góðar vinnuaðstæður. Í máli skólameistara kom fram að vonandi stæði þetta til bóta þar sem hluti skólahússins hefur verið í leigu en

leigutakar hafa sagt upp leigunni frá næstu áramótum. Þegar hefur verið rætt við Fasteignir ríkisins um verulegar breytingar á húsnæðinu og tilflutning á aðstöðu innan skólans m.a. á mötuneyti.

Á vef VA má finna stefnur skólans sem hafa að markmiði góða vinnuaðstöðu og starfsanda innan skólans þar má nefna, heilsustefnu, jafnréttisstefnu, fræðslustefnu, starfsmannastefnu og stefnu um viðbrögð við áföllum, skilgreiningu á einelti og meðferð eineltismála, rýmingaráætlun, jafnlaunastefnu, persónuverndarstefnu og siðareglur auk umhverfissáttmála. Þá hefur gæðakerfið verklagsreglur um alla verkferla innan skólans. Af ofangreindu má ráða að skólinn hefur sett skýr markmið og stefnur um samskipti og vinnulag innan VA. Enginn á því að velkjast í vafa um til hvers er ætlast af honum og hvernig hann skuli haga samskiptum, framkomu og vinnulagi. Í viðtölum kom fram að starfsmenn voru meðvitaðir um stefnur skólans og verkferla og töldu þeir að unnið væri eftir þeim í daglegu starfi. Í ofangreindri starfsmannakönnun frá skólaárinu 2019-2020 voru liðirnir „Mér kemur vel saman við samstarfsfólk mitt“ og „Ég er stoltur af stofnuninni sem ég starfa hjá“ tveir af fimm liðum sem best komu út hjá VA. Aftur á móti komu liðirnir „Ánægja með loftgæði“ og „Ánægja með matar- og kaffiaðstöðu“ tveir af þeim liðum sem voru með lægstu einkunnir skólans.

Verkmenntaskóli Austurlands hefur valið þá leið til viðbótar við áfangamat að nota Skólapúlsinn sem er könnun meðal framhaldsskóla og miðar að því að gera framhaldsskólum mögulegt að meta stöðu og árangur af því þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag. Þegar skoðaður er fyrsti þáttur er snýr að líðan þá er fullyrðingin „Á heildina litið líður mér vel í skólanum“ þeir nemar sem eru mjög sammála eða frekar sammála þessu eru 72,1%. Fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægður með skólann minn“ þá eru 81,7% nemenda mjög eða frekar sammála þessari fullyrðingu. Athygli vekur að drengir (65,9%) sýna meiri hollustu gagnvart skólanum en stúlkur (57,9%). Í rýnihópaviðtölum kom fram að einn mesti styrkur skólans væri fámennið og nándin við nemendur. „Við þekkjum alla okkar nemendur með nafni og getum fylgt nemendum eftir.“ Fram kom í máli náms- og starfsráðgjafa að nemendahópurinn væri mjög fjölbreyttur og nokkur hluti hópsins væri að gíma við kvíða, vanlíðan og þunglyndi. Náms- og starfsráðgjafi þekkir ekki hvort þetta er meira nú en áður, en núverandi náms- og starfsráðgjafi kom til starfa árið 2019. Þá virðast iðnnemar hafa skýrari markmið í námi en bóknámsnemar. Þá er starfrækt nemendaverndarráð við skólann sem kemur að málefnum nemenda en það var sett á laggirnar fyrir nokkrum árum m.a. til stuðning við náms- og starfsráðgjafa um þyngstu mál nemenda. Í rýnihópi nemenda kom fram að nemendur velja VA vegna búsetu og „það hentar rosalega vel.“ Iðnnámið dragi að nemendur og að skólinn hafi gott orð á sér.

Þegar kemur að reglum um samskipti og umgengni innan skólans gilda skólareglur þar segir.: **(Feitletrað af skýrsluhöfundum)**

Skólareglur

- Nemendur skulu ganga hreinlega og þrúðmannlega um húsakynni skólans og fara vel með eigur hans.
- Nemendur skulu fara úr blautum og skítugum skóm og eru hvattir til að skilja aldrei peninga eða önnur verðmæti eftir því engin ábyrgð er tekin á eigum nemenda.
- Rusli skal fleygt í ruslakörfur en ekki á gólf eða lóð skólans.

- **Nemendur skulu ekki valda öðrum ónæði á starfstíma t.d. í kennslustundum, í tölvuveri eða á bókasafni og sýna í hvívetna, háttvísi og þrúðmennsku á almannafæri.**
- **Nemendum og starfsfólki skólans ber að sýna kurteisi og tillitssemi í umgengni hvert við annað. Einelti og ofbeldi lýðst ekki.**
- **Í kennslustundum er kennarinn verkstjóri og ber nemendum að fara eftir fyrirmælum hans.**
- Tölvu- og símanotkun í kennslustundum er undir stjórn kennara.
- Valdi nemandi skemmdum á húsnaði og munum skólans, ber honum að skýra skólameistara eða umsjónarkennara frá því. Nemandi skal bæta skemmdir sem hann er valdur að, eftir ákvörðun skólameistara.
- Reykingar og önnur tóbaksnotkun er bönnuð samkvæmt lögum í húsnaði skólans og á skólalóð. Sama á við um notkun rafsígarettar.
- Nemendum og starfsmönnum skólans er óheimilt að neyta eða vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna í húsakynnum skólans og á samkomum á vegum hans.
- Neysla matar og drykkjar er bönnuð á bókasafni og í tölvuveri en leyfð í setustofu nemenda.
- Auglýsingatöflur eru ætlaðar fyrir auglýsingar um skólalöng og félagslíf nemenda. Ekki má festa upp auglýsingar annar staðar en á auglýsingatöflur, nema með sérstöku leyfi skólameistara.
- Brot nemenda á þessum reglum getur varðað viðurlögum og jafnvel brottvísun úr skóla.

Nemendafélag Verkmenntaskóla Austurlands NIVA heldur uppi félagsstarfi fyrir nemendur í VA. Í forvarnarstefnu skólans segir; „Félagslíf nemenda og viðburðir á vegum skólans skulu einkennast af heilbrigðum lífsháttum og miða að því að efla félagsþroska nemenda. Nemendur og starfsmenn skólans mega ekki vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna í skólanum eða á lóð hans. Sama gildir um skemmtanir og ferðalög nemenda á vegum skólans.“ Félagslíf skólans byggir á fjórum meginstoðum 1. Nemendaráð (NIVA), 2. Klúbbar, 3. Listaakademía (LIA) og 4. Íþróttakademía (ÍÞA). Þrír eru kosnir árlega í nemendaráð en auk þess sitja þar fulltrúar úr klúbbum og einn fulltrúi heimavistar. Allir nemendur velja sér klúbbastarf og er ein klst. á viku ætluð í klúbbastarf á stundaskrá. Þátttaka í Lista- og Íþróttakademíu er skipulagt sem 5 eininga áfangi. Nemendur sitja í jafnréttisnefnd, forvarnarteymi og umhverfisnefnd VA og eiga fulltrúa í skólanefnd og skólaráði, þá sitja þeir í Ungmennaráði Fjarðabyggðar..

Í rýnihópi nemendaráðs kom fram að ekki væri auðvelt að vera í stjórn nemendafélags á Covid-19 tímum þegar nemendur mættu ekki koma saman nema í mjög litlum hópum. Helstu viðburðir á vegum nemendaráðs á síðustu árum eru VA-bolti, pub quiz, árshátíð skólans sem haldin er í Egilsbúð, sala á VA-peysum, leikritið er unnið í gegnum listaakademíuna og eru nemendur þá skráðir í leikfélagið Djúpið. Þátttaka í sameiginlegum keppnum framhaldsskólanna t.d. Gettu betur og söngkeppni. Venjulega er nýnemadagur sem ekki var núna vegna Covid -19 og þemavika. Nemendur taka þátt í Austfirsku ólympíuleikunum ásamt Menntaskólanum á Egilsstöðum og Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu en leikarnir ganga á milli skóla. Aðstoðarskólameistari sér um samstarf við nemendafélagið og nemendaráð taldi sig í mjög góðum samskiptum við kennara. Þau voru sammála um að samstarf við stjórnendur og skrifstofu skólans væri til fyrirmyndar. Fram kom að aðsókn að viðburðum á síðustu misserum hefði verið misgóð og nemendafélagið hefði ekki sal innan skólans.

Jafnt stjórnendur skólans sem stjórn foreldrafélags VA líta á foreldrafélag sem hluta af starfi skólans en báðir aðilar telja þó að starfsemin sé mjög mismunandi eftir árum og þeim einstaklingum sem veljast í stjórn félagsins. Skólameistari nefndi að erfitt væri að fá fólk í stjórnina. Í rýnihópi foreldrafélagsins kom fram að foreldra hafa verið með gæslu á dansleikjum og farið með í skólaferðir. Þau töldu að e.t.v. vantaði

betri aðstöðu í skólanum fyrir félagslíf nemenda. Fulltrúar foreldra voru einstaklega ánægðir með hvernig haldið hefði verið utanum nemendur VA í Covid-19 og að öll skilaboð frá skólanum væru skilvirk og skýr. Mikilvægt væri að hafa þessa rúttínu sem byggir á aga og skipulagi. Foreldrar nefndu Tæknidaginn þar sem bæði skólinn og fyrirtækin á svæðinu koma saman og væri mikil ánægja hjá foreldrum með þennan kynningardag og vinsældir hans hafa bara aukist. Þá hafa verið fyrirlestrar um forvarnir og Rannsóknir og greining hafa kynnt niðurstöður úr könnun sinni og í framhaldinu hafa foreldrar reynt að að fá fræðslu út frá þeim niðurstöðum. Foreldrar töldu allan gang á því hvort foreldrar nýttu sér þær upplýsingar sem hægt er að nálgast bæði í INNU og á kennsluvefnum MOODLE.

Í Verkmenntaskóla Austurlands er mikill áhugi fyrir ýmsum samstarfs- og þróunarverkefnum, tengslum við nærsamfélagið og alþjóðlegt samstarf. Í Ársskýrslu skólans frá árinu 2019 er listi yfir þau verkefni sem í gangi eru og gefur það góða mynd af starfinu sl. ár.

- Samstarf við Austurbrú vegna Tæknidags fjölskyldunnar.
- Samstarf við Fjarðabyggð vegna verknámsviku en einnig reyna skólarnir að samnýta endurmenntun sem boðin er á svæðinu fyrir kennara eins og hægt til að auka framboðið.
- Samstarf við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu og Menntaskólann á Egilsstöðum í félagslífi með endurvakningu austfirsku ólympíuleikanna.
- Skólinn hélt áfram þátttöku í verkefninu Heilsuefandi framhaldsskóli.
- Í september 2016 hóf skólinn þátttöku í verkefninu Skólar á grænni grein og haustið 2018 hlaut skólinn Grænfána. Það samstarf er enn til staðar og að festa sig í sessi.
- Í september 2017 hófst formlegt samtal skólans við sveitafélagið Fjarðarbyggð og fyrirtæki á Austurlandi um samstarf í menntamálum. Upp úr þessu varð til samstarfsverkefni um stofnun Háskólaaseturs á Austurlandi. VA er þátttakandi í stýrihópi verkefnisins.
- Samstarf við tólf aðra framhaldsskóla á landsbyggðinni í Fjarmentaskólanum þar sem skólarnir vinna saman t.d. varðandi námsframboð.
- Samstarf við aðra starfsnámskóla m.a. með átaksverkefnum eins og #hvaðvelurþú og útgáfu á kynningarblaðinu 20/20 sem fór inn á heimili allra nemenda í áttunda, níunda, og 10 bekk á vorönn.

Þá er mikill áhugi á alþjóðlegri færni nemenda og starfsmanna og að öðlast sterka alþjóðlega tengingu. Þetta felst m.a. í tækifærum til starfsnáms erlendis, námsferðum, nemendaskiptum, þjálfun í alþjóðlegri færni og tungumálakunnáttu með sérstaka áherslu á ensku. Við skólann starfar umsjónarmaður erlendra samskipta og skólinn hefur skilgreint tilgang og markmið með erlendu samstarfi:

- þekkingu á framandi og ólíkri vinnumenningu.
- tungumálakunnáttu í hagnýtu samhengi.
- því að átta sig á muninum á eigin skóla og öðrum skólum, þar á meðal ólíkum námsleiðum.
- að geta borið erlendar kröfur og hefðir í iðn- og verkgreinum við íslenskar.
- að þróa persónulega færni og læra að skuldbinda sig í framandi umhverfi.
- fjölmennarlegri hæfni, getu til að setja sig í spor annarra og skilningi á eigin menningu út frá sjónarhorni annarra.

Allt leiðir þetta til fjölmenningarlegrar þekkingar nemenda, þar sem þeir verða færari um að taka þátt í síbreytilegum vinnumarkaði nútímans. Á undangengnum árum hefur skólinn tekið þátt í nokkrum verkefnum með styrkjum frá ERASMUS+ áætluninni, dæmi:

2019-2021 Barist gegn brottfalli í VA II. Verkefnið felst í ferðum kennara á námskeið erlendis þar sem sjónum er annars vegar beint að notkun tækni til stuðnings við nám og kennslu og hins vegar að aðlögun nýbúa. Þetta er framhald á verkefni frá skólaárinu 2017-2018.

2018-2020 Will to motivatE(U). Verkefnið er samstarfsverkefni með skólum í Ungverjalandi, Slóveníu, Króatíu, Ítalíu og Noregi og felst í því að efla áhugahvöt nemenda og starfsmanna.

2018-2020 Efling starfsnáms við VA með evrópsku samstarfi II. Verkefnið felst í lengri og styttri skiptinámsferðum nemenda í starfsnámi, undirbúningi lengri ferða nemenda og „job-shadow“ ferðum starfsmanna. Lengri ferðir nemenda í þessu verkefni eru rúmir fjórir mánuðir og styttri ferðir þrjár vikur. Samstarfsaðilar í verkefninu eru skólar í Viborg í Danmörku, Szeged í Ungverjalandi, Goslar í Þýskalandi og Soria á Spáni. Verkefnið er framhald af verkefni frá skólaárinu 2017-2018.

Í VA hefur verið starfrækt Fab Lab smiðja en Fab Lab er stytting á enska heitinu „fabrication laboratory“ og er stundum kallað stafræn smiðja á íslensku. Markmiðin með smiðjunni er að hvetja nemendur, einstaklinga og frumkvöðla til að láta hugmyndir sínar verða að veruleika, skapa tækifæri til vinnu við frumgerðasmíð og vörupróun með því að bjóða upp á aðgang að stafrænum framleiðslutækjum og búnaði af ýmsum toga. Fab Lab Austurland er þátttakandi í samstarfsneti Fab Lab smiðja á Ísland. Hins vegar hefur starfið legið niðri sl. ár vegna skorts á fjármagni.

Ekki hefur verið gerð nein formleg könnun í VA um það hvernig nemendum vegnar þegar þau fari í nám á háskólastigi eða í áframhaldandi nám eftir starfsnám.

Styrkleikar

- Starfsfólk er ánægt í starfi
- Árleg starfsmannakönnun, (SFR)
- Notkun á Skólapúlsinum um líðan nemenda, umfram innra mat
- Skýr stefnumótun, markmið og verkferlar um aðbúnað nemenda og starfsmanna
- Starfsfólk er stolt af stofnuninni sem það vinnur hjá
- Lítill skóli, fáir nemendur og starfsfólk þekkir alla nemendur
- Nemendur eru stoltir af skólanum
- Vel skilgreint félagslíf
- Mikil tengsl við atvinnulíf og samfélagið utan skólans
- Áhersla á erlent samstarf

Tækifæri til umbóta

- Snúa við þróun á dvínandi jákvæðan starfsanda
- Bæta þarf vinnuskilyrði starfsfólks
- Skoða þarf líðan nemenda í skólanum
- Setja aukinn kraft í félagslíf skólans, eftir Covid-19
- Auka upplýsingaflæði og samstarf við foreldrafélag

Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Fram kom hjá fulltrúa skólanefndar að nýbygging skólans hafi verið tekin í notkun árið 1986 og var fyrsta byggingin af þremur. Skólinn leigir út hluta hússins en missir þá leigjendur út um áramótin 2020. Með því fáum við meira pláss, en missum þær sértekjur sem leigan hefur gefið skólanum. Vinnurými kennara eru of lítil og verknámið býr ekki við ásættanlega aðstöðu. Okkur vantar rými fyrir nemendur – sal.

Í máli aðstoðarskólameistara kom fram að viðbrögð við Covid-19 hafi byrjað með prufukeyslu á fjarnámi í gegnum bláa hnöttinn (BigBlueButton - <https://bigbluebutton.org/>). Þegar á hólminn var komið voru allir tilbúnir í fjarnám. Við tvíelfdum bóklega námið hjá iðngreinunum, og núna þegar við byrjum aftur í Covid, þá eru kennarar með tímana í gegnum bláa hnöttinn. Við skiptum verknáminu í fernt og settum upp sóttvarnarhólf og við héldum starfsbrautinni og framhaldsskólabrautinni inn í húsinu. Inngangar inn í skólann tóku mið af sóttvarnarhólfum. Áhersla er á hreinlæti og þegar þarf að fara á milli stóttvarnarhólfa er mikil áhersla á grímu notkun, handþvott og sprittun, sem og hreinlæti almennt. Staðlotur eru ekki fyrir hendi og mjög vel er fylgst með nemendum og þeirra líðan. Það er tekin mæting í öllum tímum. VA er með vörður í stað miðannarmats þar sem allir kennarar skrifa umsögn um alla sína nemendur. Og þetta gerist þrisvar á önn. Fyrir hvern vörðudag eru námsmatsdagar og nemendur fá hvatningabréf í formi námsmats. Mötuneyti skólans er í heimavistinni og þangað er 10 til 15 mínútna gangur, og með því að fá mötuneytið inn í skólann ætti að vera hægt að styrkja ímynd skólans.

Í viðtali við rýnihóp annarra starfsmanna kom fram að bókasafnið er ekki mikið notað sem slíkt, heldur staður þar sem nemendur hittast og læra. Í húsnæðismálum standa ríkiseignir sig vel. Húsnæðið er almennt í góðu standi, við glímum ekki við lekavandamál, það er allt nýmálað og við erum að skipta um glugga. Leigjendur í bóknámshúsi hafa sagt upp leigusamningum og fara úr húsnæðinu um áramótin 2020. Bóknámshúsið er ein bygging af þremur og er að því er virðist aldrei kláruð. Aðstaðan er orðin of lítil, en hugmyndin er að flytja starfsmanna aðstöðu í þetta pláss sem losnar þegar fyrirtækin flytja út. Ætlunin er að flytja mötuneytið sem er í heimavistinni inn í skólann. Heimavistin var máluð í sumar og allar hinar byggingarnar líka. Stofur eru númeraðar, en Friðarherbergi sem áður var tölvustofa varð til haustið 2019. Aðalstarf umsjónarmanns fasteigna í Covid er að raða upp í stofur og sjá til þess að til sé nóg af spritti til að viðhalda sóttvörnum. Í þrifum höfum við alltaf verið með eigið starfsfólk, en réðum verktaka til að aðstoða okkur við þau mál.

Í töluvumálum eru nemendur með sín tæki og hafa fullan aðgang inn á þá þjónustu sem skólinn býður upp á. Kerfið virkar vel í bóknámshúsinu, en heimavistin er tengd þráðlaust og þar hikstar kerfið okkar aðeins. Okkur hefur gengið erfiðlega að fá viðbótarbúnað í núverandi Covid ástandi. Ein stofa sem er hluti af starfsbrautar deildinni hjá okkur er með tölvur. Í verknáms húsinu eru vélarrúms tölvur sem ekki eru

ætlaðar öðrum. En almennt er ekki mikil spurn eftir tölvum í útlán. Nemendur fá afhent skólanetföng sem þeir nota til að skrá sig inn í kerfin. Starf kerfisstjóra er 50% en auk þess kennir hanní rafiðnum. Fablabið okkar er lokað vegna þess að við fengum ekki fjármagn til að halda því opnu. En grunnurinn að því að þetta sé fablab er að aðgangur sé að því fyrir fólk utan skólans. Vöruúrval í sjoppu sem er rekin af nemendafélaginu fer eftir hugmyndum um heilsueflandi framhaldsskóla. Tæknikunnátta flaug fram og gjörbreyttist eftir samkomubann í mars. Foreldarráð benti á að það vantaði kannski aðstöðu fyrir félagsstarf nemenda. Húsnæðið sem losnar um áramótin á að nota eitthvað fyrir félagslíf nemenda.

Nálægð og stuttar boðleiðir er einn af styrkleikum VA. Aðstaða til verknáms er góð, og skólinn er vel tengdur atvinnulífinu í nærsamfélaginu. Nemendarráðið í Verkmenntaskóla Austurlands (NIVA) er með aðstöðu í nemendaráðsstofu sem er nýtt til fulls, en reglur um sóttvarnir setja félagslífinu mörk. En það ætti að vera rýmra og gaman fyrir okkur að fá að gera eitthvað með plássíð sem losnar þegar leigjendurnir fara úr húsi. Skólinn erum með setustofu, sem er með virkustu stöðum í skólanum. Fyrir utan stofurnar eru bekkir þar sem við getum sest en núna í Covid eru allar stofur opnar. Friðarherbergið er mikið notað, og þeir sem eru að bíða eftir rútunum nota það til að læra. Bókasafnið er líka mikið notað af krökkum sem koma og læra. Nettenging er fín. Við erum með umhverfisnefnd eða umhverfisráð, og við erum þartur af grænfánanum. Við flokkum, og þessum flokkunartunnum er að fjölga og það er eiginlega ekki hægt að flokka rangt. Við erum með heilsueflandi teymi í VA, og nemendur njóta trausts.

Deildarstjórar eru fyrir iðngreinar, sem starfa meira eins og bekkjarkerfi með áfangakerfinu. Hárið er að kenna eftir nýrri námskrá sem allir hársnyrtigreina kennarar skrifuðu saman og er sú sama og kennd er í Tækniskólanum. Aðrar iðngreinar skólans fylgja námskrám VMA enda samstaf á milli skólanna og nemendur VA sækja þangað til að ljúka námi ef þess er ekki kostur í VA. Faggreinafélagið í hárinu er mjög öflugt, en við reyndum að búa til samstarf við aðra skóla, en það fékkst ekki fjármagn til að halda því gangandi. Í bygginga og mannvirkja deild er nemendum boðið upp á að klára námið við VA. Þar sem samningstíminn hefur verið stytur voru skrifaðir vinnustaða áfangar og skólinn þarf að finna verkstæði fyrir nemendur. Það sama gildir um rafið. Í málminum og vélstjórninni þá er það nemandans að sjá um að verða sér út um samning, og þar fá nemendur stighækkandi starfsréttindi eftir því sem þeir bæta við sig siglingatíma.

Sveinsprófsnefndir hafa fengið heimild til að halda sveinspróf í VA. Prófin hafa farið mest fram á Akureyri og fyrir sunnan. Aðbúnaður er góður í mannvirkja og byggingardeild en deildin er staðsett á annarri hæð og upp 21 þrep. Vélar hérna eru frá því við opnuðum skólann og eru í fínu standi en standast kannski ekki nútíma kröfur. Mjög erfitt virðist vera að sækja fjármagn til endurnýjunar tækja. Hárið í skólanum hefur starfað frá 1996 og tækin hafa ekki verið endurnýjað síðan þá. Tækin eru góð en orðin gömul. Loftgæði í stofum til kennslu í hárið eru ekki nógu góð. Stólar til raksturs eru líka hamlandi þáttur í starfi VA. Í rafið er m.a. glímt við plássleysi, en tækin virka vel. Það sama á við um málmiðnaðardeild, en skólinn er frekar aftarlega á merinni hvað varðar tæki og tól. En búið er að laga suðuástöðu og getur skólinn nú tekið við átta nemendum. Vélarrúmshermir skólans er ekki sambærilegur við það sem best gerist. Skólinn missir nemendur frá sér en nær þó að útskrifa hópa.

Styrkleikar

- Staðsetning húsnæðis
- Stuttar boðleiðir
- Góð tengsl við atvinnulíf
- Húsnæði er vel við haldi og í góðu standi
- Heimavist
- Gott mötuneyti

Tækifæri til umbóta

- Leggja áherslu á endurbætur á húsnæði
- Staðsetning bygginga og mannvirkja deildar
- Færa mötuneyti í skólabyggingu
- Skoða loft- og hljóðgæði í verknámsdeildum
- Endurvekja starfsemi Fablab
- Setja stefnu um þróun og starfssemi bókasafns
- Endurnýja tækjabúnað í iðngreinum

Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólstarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólstarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Um Lykilárangur

Innra mat

Gæðastefna og gæðamarkmið í VA eru í samræmi við ISO-9001 gæðakerfið, en frá hausti 2014 hefur verið unnið að innleiðingu þess. Er það byggt á Gæðahandbók Verkmenntaskólans á Akureyri. Vinna við sjálfsmat skólans hefur því markast af innleiðingunni síðastliðin sex skólaár og eru nú flestir þættir kerfisins komnir í góða virkni. Gæðakerfið felur í sér þá grunnhugsun að unnið sé að stöðugum umbótum í allri starfsemi skólans enda er slíkt forsenda framþróunar. Í kerfinu er starfsemi skólans lýst. Kerfið felur einnig í sér að unnið sé eftir settum vinnureglum og allir starfsmenn hafa sína starfslýsingu. Er því ætlað að vísa til allra þeirra verka sem framkvæmd eru innan skólans ásamt stjórnskipulagi hans. Rýnihópaviðtöl við nemendur eru hluti af kerfinu og tvisvar á ári rýnir gærðaráð, en í því sitja stjórnendur og fulltrúar kennar, öll frábrigði og athugasemdir frá yfirstandandi önn og setja fram umbótaáætlun. Gæða- og verkefnastjóri var ráðinn við skólann haustið 2016 í 50% starf sem sér um framvindu gæðakerfis skólans og til stuðnings við stjórnun. Gæðastjóri er hluti af stjórnendateymi skólans og var núverandi gæðastjóri ráðinn haustið 2019. Gefin er út sjálfsmatsskýrsla árlega sem birt er á vef skólans.

Í rýnihópaviðtali við sjálfsmatshóp VA kom fram að markvisst er unnið að því að bæta gæði skólstarfsins og í síauknu mæli er það gert með hliðsjón af þeim gæðamarkmiðum og kvörðum sem eru hluti af ISO 9001 stjórnunarkerfinu. Það tók starfsmenn tíma að setja sig vel inn í kerfið og átta sig á að það er vinnusparandi. Í dag virkar það vel sem aðhald með kennslunni og veitir mikilvægar upplýsingar um gæði og gang kennslu enda starfsmenn að átta sig meira og meira á gildi innra mats. Einn viðmælandi orðaði það svo að „ISO kerfið er miklu markvissara, tekur vel á frávikum og skerpir okkar áherslur.“ Til að fylgjast með árangri er m.a. lagt fyrir áfangamat á hverri önn í öllum áföngum. Tilgangur matsins er að kanna hvernig til hafi tekist með kennslu með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Þá eru lagðar fyrir þjónustukannanir og Skólalápurinn er notaður m.a. til samanburðar við aðra. Skólameistari á formlegt starfsmannasamtal að loknu áfangamati. Í samtalinu eru greindir þættir sem kennaranum finnst ganga vel með og hins vegar þeir þættir sem kennarinn vill bæta sig í, rætt er um starfsþróun og markmiðssetning sett fram til framtíðar. Niðurstöður úr áfangamati eru ræddar. Starfsmannakönnun er framkvæmd með þátttöku í Stofnun ársins. Sjálfsmatshópurinn setur upp sjálfsmatsáætlun fyrir næsta skólaár og er hún birt í sjálfsmatsskýrslu skólans. Innra mat skólans er að mati úttektaraðila faglegt, yfirgripsmikið og uppfyllir viðmið í lögum um framhaldsskóla en gæta þarf þó að virkri þátttöku foreldra eins og segir í 40 og 41 gr. framhaldsskólalaga.

Bóknám í Verkmenntaskóla Austurlands miðast við þriggja ára stúdentsbrautir og byggir á þremur hæfniprepum líkt og lýst er í aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins fyrir framhaldsskóla. Í skólanum er boðið upp á framhaldsskólabraut fyrir þá nemendur sem ekki koma inn með námsárangur úr grunnskóla sem þarf til að komast inn á fyrsta eða annað hæfniprep. Starfsbraut er líka starfrækt við skólann. Nám í iðngreinum til sveinsprófs miðast við fjögurra ára námstíma og fylgja námskrám TS í hárið en VMA í öðrum iðngreinum og FÁ í sjúkraliðanámi, aðrar námsskrár eru VA.

Eins og áður hefur komið fram sýnir tafla átta fjölda brautskráðra vorin 2015 til 2019 á hverri námsbraut og alls. Þar kemur fram að flestir nemendur eru brautskráðir af félagsfræðibraut/félagsvísindabraut eða 38 og 27 nemendur hafa útskrifast af náttúrufræðibraut/náttúruvísindabraut á tímabilinu. Árið 2015 eru brautskráðir nemendur 26, árið 2016 32, árið 2017 34, árin 2018 og 2019 33. Alls hafa brautskráðst 158 nemendur frá Verkmenntaskóla Austurlands frá árinu 2015. Meðal námstími er ekki áætlaður þar sem námstími eftir brautum er misjafn og framboð á námi mikið og fjölbreytt.

Eftirtaldar námsbrautir útskrifa núll til tvo nemendur á tímabilinu 2015 til 2019: Hársnyrtið einn; Meistaránám í bifvélavirkjun einn; Meistaránám í hársnyrtið einn; Meistaránám í húsasmíði einn; Meistaránám í vélvirkjun tveir; Nýsköpunar og tæknibraut tveir; Skólaliðabru einn; Viðbótarnám til stúdentsprófs tveir. Fram kom í máli skólameistara að almennt væri ekki boðið upp á námslok af þessum brautum eða að skólinn hefði ekki fjármagn til að bjóða fram námið. Í sumum tilfellum eru þessar námsleiðir ekki í boði skv. Heimasíðu skólans. Brotthvarf í Verkmenntaskóla Austurlands er lítið miðað við skilgreiningu menntamálaráðuneytisins. Árangur nemenda sem fer frá Verkmenntaskóla Austurlands er talinn góður eins og fram kom í samtölum við rýnihópa kennara, skólastjórnenda, foreldra, deildarstjóra og fulltrúa skólanefndar.

Um árangur í grunnþáttum

Lítið er svo á að nemendur sem útskrifast frá Verkmenntaskóla Austurlands (VA) hafi tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti. Þó ekki séu sérstakir skylduráfangar þar sem þessir grunnþættir eru megin viðfangsefnið. Þessir grunnþættir eru viðfangsefni einstakra áfanga og þar með hluti af öllu því námi sem nemendur við VA leggja stund á. Verk nemenda, vinna og framkoma bera með sér skapandi hugsun, hagnýtingu þekkingar, sem og þá ábyrgð og þær skyldur sem fylgja því að búa, lifa og starfa í lýðræðissamfélagi. Nemendur, kennarar og allt nærsamfélag VA kemur að skipulagningu, framkvæmd og umsýslu með árlegum tæknidegi þar sem reynir á læsi, tjáningu, samskipti, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð ásamt sköpun. VA hefur fengið jafnlaunavottun, er hluti af grænánaverkefninu, er heilsuskóli og þiggur styrki fyrir Evrópusamstarf og var með Fablab. Jafnlaunavottunin ein og sér ber með sér ríka jafnréttisvitund, grænáninn áherslu á umhverfisvitund og umhverfismál, og styrkir fyrir Evrópusamstarf fyrir samstarf á alþjóðagrundvelli. Þá er í undirbúningi vottun á ISO-9001 gæðakerfi skólans.

Um langtímaárangur

Ekki hefur verið kannað með skipulögðum hætti eða reglulega hvernig námið nýtist nemendum að lokinni útskrift frá skólanum. Nám og próf frá VA hafa nýst nemendum til að hefja nám á háskólastigi og námskrár skólans uppfylla skilyrði menntamálaráðuneytisins um þriggja ára stúdentspróf, sveinspróf í iðngreinum og nám til starfsréttinda. En rýnihópar kennara, starfsmanna, foreldra, og námsrágjafa, benda á að nemendur útskrifaðir úr VA hafi náð árangri eftir að þeir fara frá skólanum jafnt í frekara námi sem atvinnulífinu, þó þetta hafi ekki verið mælt með formlegum hætti. Að sögn viðmælenda er VA þröngt skorin stakkur í fjármálum og er í varnarstöðu hvað varðar nemendafjölda og fjölda námsbrauta. Þessu fylgja átök og áskoranir sem skólinn þarf að takast á við til að aðlagast breyttu samfélagi, nýjum kröfum t.d. í iðn- og starfsnámi og aðstæðum. Slík átök geta haft skaðleg áhrif á starfsemi og starfsanda skólans.

Styrkleikar

- Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í áherslum skólans
- Öflugt gæðakerfi
- Nemendur geta útskrifast af mörgum mismunandi brautum, jafnt í verknámi sem bóknámi
- Brottfall er lítið
- Skólinn leggur áherslu á lýðræðisvitund, læsi, tjáningu, samskipti, jafnrétti og umhverfisvitund
- Nemendur ná árangri eftir að þeir fara frá VA

Tækifæri til umbóta

- Skoða hvernig nemendum vegnar að loknu námi í VA
- Viðhalda hlutveki VA í íslensku skólakerfi
- Koma jafnvægi á starfsemi og fjármál skólans
- Virkja foreldra í tengslum við innra mat skólans

Heimildir og tilvísanir

Inngangur og almennar upplýsingar

- Gögn frá Verkmenntaskóla Austurlands (VA) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði VA – <https://www.va.is/>
- Árskýrslur VA 2015 til 2019
- Stefnuskjal VA
- Sjálfsmatsskýrslur VA 2015 til 2020

Stjórnun og skipulag

- Gögn frá Verkmenntaskóla Austurlands (VA) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði VA – <https://www.va.is/>
- Árskýrslur VA 2015 til 2019
- Stefnuskjal VA
- Sjálfsmatsskýrslur VA 2015 til 2020
- Viðtöl við skólameistara, aðstoðarskólameistara, skrifstofu- og fjármálastjóra og formann skólanefndar.
- Rýnihópar, stjórnenda, deildarstjóra, kennara, nemenda, annars starfsfólks, námsráðgjafa, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldraráðs.

Kennsla og námsframboð

- Gögn frá Verkmenntaskóla Austurlands (VA) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði VA – <https://www.va.is/>
- Árskýrslur VA 2015 til 2019
- Stefnuskjal VA
- Sjálfsmatsskýrslur VA 2015 til 2020
- Rýnihópar, stjórnenda, deildarstjóra, kennara, nemenda, annars starfsfólks, námsráðgjafa, stjórnar nemendafélags, stjórnar foreldraráðs og fulltrúa skólanefndar
- Kennsluáætlanir

Samskipti og líðan

- Gögn frá Verkmenntaskóla Austurlands (VA) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði VA – <https://www.va.is/>
- Árskýrslur VA 2015 til 2019
- Stefnuskjal VA
- Sjálfsmatsskýrslur VA 2015 til 2020
- Rýnihópar, stjórnenda, deildarstjóra, kennara, nemenda, annars starfsfólks, námsráðgjafa, stjórnar nemendafélags, stjórnar foreldraráðs og fulltrúa skólanefndar

Húsnæði og aðbúnaður

- Gögn frá Verkmenntaskóla Austurlands (VA) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði VA – <https://www.va.is/>
- Árskýrslur VA 2015 til 2019
- Stefnuskjal VA
- Sjálfsmatsskýrslur VA 2015 til 2020
- Rýnihópar, stjórnenda, deildarstjóra, kennara, nemenda, annars starfsfólks, námsráðgjafa, stjórnar nemendafélags, stjórnar foreldraráðs og fulltrúa skólanefndar

Lykilárangur

- Gögn frá Verkmenntaskóla Austurlands (VA) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði VA – <https://www.va.is/>
- Árskýrslur VA 2015 til 2019
- Stefnuskjal VA
- Sjálfsmatsskýrslur VA 2015 til 2020
- Rýnihópar, stjórnenda, deildarstjóra, kennara, nemenda, annars starfsfólks, námsráðgjafa, stjórnar nemendafélags, stjórnar foreldraráðs og fulltrúa skólanefndar